Fornleifaskráning vegna endurbóta á Vatnsdalsvegi og Svínvetningabraut



Ritstjóri: Kristjana Vilhjálmsdóttir

Höfundar efnis: Brynja Árnadóttir, Gylfi Helgason og Kristjana Vilhjálmsdóttir

Reykjavík 2025
FS1009b-24201

Fornleifastofnun Íslands ses

Forsíðumynd sýnir heimatún Vestdalshóla og Brunnhúshól HV-174:007.
Myndina tók Gylfi Helgason.

Verkefnanúmer MÍ: 3322

©2025
Fornleifastofnun Íslands
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Netfang: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna fyrirhugaðra endurbóta og breikkunar á Vatnsdalsvegi og á námusvæðum vegna framkvæmda við Svínvetningabraut í Húnabyggð. Skráningin var unnin að beiðni Vegagerðarinnar. Úttektarsvæði við Vatnsdalsveg var um 14,9 km á lengd og 60-90 m breidd en einnig voru tekin út fjögur námusvæði í Vatnsdal, alls um 7,1 ha að stærð og fimm námusvæði tengd Svínvetningabraut, alls um 21,1 ha. Öll úttektarsvæði voru gengin skipulega við úttektina. Vettvangsvinna fór fram í júlí og október 2024.

Skráðar voru 55 fornleifar á 39 minjastöðum. Þar af var 51 fornleif á 37 minjastöðum innan áhrifasvæðis Vatnsdalsvegar og fjórar fornleifar á tveimur minjastöðum á námusvæðum tengdum Svínvetningabraut. Engar fornleifar fundust innan námusvæða við Vatnsdalsveg. Þrjátíu fornleifar voru metnar í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en tíu í hættu. Tólf fornleifar töldust ekki í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en töldust mögulega í hættu af öðrum orsökum. Metið var að öll ummerki um þrjár fornleifar væru horfin, bæði af yfirborði og undir sverði og var ekki gert hættumat fyrir þær. Lagt var mat á minjagildi fornleifanna og settar fram tillögur um líklegar mótvægisaðgerðir. Tíu fornleifar voru metnar með mjög mikið minjagildi, 19 með mikið minjagildi, 22 með nokkurt minjagildi og fjórar með lítið minjagildi.

Vegna breytinga á námusvæðum við Vatnsdalsveg var aftur farið á vettvang í mars 2025 og voru þá skráðar tvær fornleifar á tveimur minjastöðum. Fjallað er um þá skráningu í viðauka við skýrsluna.

Efnisorð: Fornleifaskráning, deiliskráning, vegagerð, efnistaka, Vatnsdalsvegur, Svínvetningabraut, Húnabyggð, Fornleifastofnun Íslands.

Summary

This report presents the findings and conclusions of a detailed archaeological field survey carried out for the Icelandic Road and Coastal Administration in advance of proposed improvements and widening of Vatnsdalsvegur and in mining areas connected to road improvements on Svínvetningabraut in Húnabyggð. The surveyed area along Vatnsdalsvegur was about 14.9 km long and 60-90 m wide. In addition, four mining areas in Vatnsdalur were also surveyed, in total about 7.1 ha in size, and five mining areas connected to Svínvetningabraut, in total about 21.1 ha. Fieldwork was undertaken in July and October 2024.

In all, 55 archaeological sites were surveyed at 39 locations. Of these 51 sites at 37 locations were connected to Vatnsdalsvegur. Four sites at two locations were surveyed close to mining areas for Svínvetningabraut. No archaeological sites were found within mining areas for Vatnsdalsvegur. Thirty sites were considered to be at high risk, 10 at moderate risk but 12 at no risk due to the proposed projects. Risk assessment was not carried out for three archaeological sites that were considered to be fully destroyed already. The heritage value of the archaeology was evaluated and potential countervailing procedures were predicted. Ten archaeological sites were found to have great heritage value, 19 considerable value, 22 some value and four little value.

Fieldwork was also undertaken in March 2025 due to changes of the proposed mining areas connected to Vatnsdalsvegur. As a result, two additional archaeological sites at two locations were surveyed. The results of the survey are discussed in an appendix to the report.

Keywords: Archaeology, detailed survey, road construction, mining, Vatnsdalsvegur, Svínvetningabraut, Húnabyggð, Institute of Archaeology in Iceland.

Efnisyfirlit

I. Inngangur 1

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 5

III. Aðferðir við fornleifaskráningu 7

IV. Fornleifaskrá 11

IV.I Vatnsdalsvegur 11

HV-173 Sveinsstaðir 11

HV-174 Vatnsdalshólar 14

HV-178 Breiðabólstaður 17

HV-179 Hnjúkur 19

HV-180 Helgavatn 21

HV-190 Flaga 26

HV-191 Gilsstaðir 31

HV-192 Kornsá 36

HV-193 Undirfell 46

HV-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Sveinsstaðahreppi 53

HV-671 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Áshreppi 56

IV.II Svínvetningabraut 57

HV-222 Kagaðarhóll 57

HV-259 Tindar 59

V. Niðurstöður og umræða 63

V.I Hættumat 66

V.II Forsendur fyrir mati á gildi minja og tillögum að mótvægisaðgerðum 67

V.III Áhrif framkvæmda á fornleifar 70

Heimildir 77


Viðauki I: Hnitaskrá ISN93 81

Viðauki II: Minjakort 83

Viðauki III: Minnisblað um fornleifaskráningu á námusvæðum tengdum fyrirhuguðum endurbótum á Vatnsdalsvegi 105

Fornleifaskrá 107

Heimildir 108



Staðsetning úttektarsvæða í Vatnsdal. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf.
Á innfeldu korti er staðsetning úttektarsvæðanna sýnd á Íslandskorti.

I. Inngangur

Sumarið 2024 fór Vegagerðin þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa vegna fyrirhugaðra endurbóta og breikkunar á Vatnsdalsvegi og á námusvæðum vegna framkvæmda á Svínvetningabraut í Húnabyggð. Áður hafði Fornleifastofnun Íslands unnið heimildaskráningu í Austur-Húnavatnssýslu árið 2001[1] en að auki hafði Byggðasafn Skagfirðinga skráð fornleifar í landi Sveinsstaða árið 2009[2] og var stuðst við þau gögn eftir þörfum. Verkefnanúmer skráningarinnar hjá Minjastofnun Íslands er 3322.

Vatnsdalsvegur

Úttektarsvæðið við Vatnsdalsveg var um 14,9 km á lengd og náði frá Þjóðvegi 1 landi Sveinsstaða og u.þ.b. að merkjum Undirfells og Snæringsstaða. Breidd úttektarsvæðisins var víðast 30 m til beggja átta út frá miðlínu fyrirhugaðrar veglínu Vatnsdalsvegar. Á þremur svæðum var tekin út breiðara belti: Á 100 m kafla í landi Sveinsstaða náði úttektarsvæðið 30 m lengra til vesturs frá miðlínu og á aðskildum 200 og 300 m köflum í landi Helgavatns náði úttektarsvæðið 20 m lengra til austurs. Eftir að meginhluta vettvangskönnunar var lokið urðu smávægilegar breytingar á hönnun vegstæðisins. Því var farið aftur á vettvang og þrjú svæði könnuð, þar sem endurhönnun vegstæðisins náði út fyrir eldra úttektarsvæði. Þau svæði sem athuguð voru í seinni vettvangsferð voru í landi Sveinsstaða, Hnjúks og Helgavatns, en þær jarðir sem komu við sögu í skráningunni í heild sinni eru: Sveinsstaðir, Vatnsdalshólar, Miðhús, Breiðabólsstaður, Hnjúkur, Helgavatn, Flaga, Gilsstaðir, Kornsá og Undirfell (með nýbýlinu Nautabúi).[3]

Að auki voru tekin út fjögur námusvæði við Vatnsdalsveg, alls um 7,1 ha að stærð, en þar af sköruðust 0,4 ha við úttektarsvæði vegarins. Úttektarsvæði vegna náma við Vatnsdalsveg skiptast í eftirfarandi námusvæði:

- Náma 1: Útvíkkuð skering í landi Sveinsstaða. 0,24 ha.
- Náma 2: Útvíkkuð skering í landi Vatnsdalshóla. 0,47 ha.
- Náma 3: Hnjúksnáma í landi Hnjúks. 5,50 ha.
- Náma 4: Nautabúsnáma í landi Nautabús, Kornsár og Undirfells. 0,89 ha.

[1] Sædís Gunnarsdóttir 2001.

[2] Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga 2010.

[3] Skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands miðar við skiptingu jarða eins og hún er skráð í Jarðatali Johnsens frá 1847. Nautabú var byggt úr landi Undirfells 1949 og voru fornleifar innan jarðarinnar því skráðar með Undirfelli.

Svínvetningabraut

Fimm námusvæði voru tekin út í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir á Svínvetningabraut. Úttektarsvæðin sem um ræðir eru alls um 21,1 ha og skiptast í eftirfarandi námusvæði:


- Náma 1: Kleifarhorn í landi Kleifa. 3,46 ha.
- Náma 2: Syðriás í landi Kagaðarhóls. 6,83 ha.
- Náma 3: Gegnt Tindum í landi Tinda. 6,16 ha.
- Náma 4: Leitisás í landi Tinda. 3,21 ha.
- Náma 5: Hjalli Syðri Löngumýri. 1,47 ha.

Vettvangsrannsókn fór fram í júlí og október 2024. Gengið var skipulega um úttektarsvæðin, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Skráðar voru allar minjar innan úttektarsvæðisins en einnig voru þeir minjastaðir skráðir sem voru innan við 15 m frá jaðri úttektarsvæðisins þar sem helgunarsvæði fornminja er 15 m út frá ystu mörkum þeirra.[4] Alls voru skráðar 55 fornleifar á 39 minjastöðum. Þar af voru 51 fornleif á 37 minjastöðum innan áhrifasvæðis Vatnsdalsvegar og fjórar fornleifar á tveimur minjastöðum við námusvæði tengd Svínvetningabraut. Engar fornleifar fundust innan námusvæða við Vatnsdalsveg. Um vettvangsvinnu sáu Brynja Árnadóttir, Eva Bryndís Ágústsdóttir, Gylfi Helgason og Kristjana Vilhjálmsdóttir, fornleifafræðingar. Kristjana sá um skýrsluskrif og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafla kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningakerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem skráðar voru og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslu er heimildaskrá og viðaukar (hnitaská ISN93 og minjakort).

Skýrslan sem hér lítur dagsins ljós er uppfærð útgáfa af upphaflegri skýrslu sem kom út 2024 og hefur verkefnanúmer hennar því verið einkennt með bókstafnum b til aðgreiningar frá fyrstu útgáfu (FS1009b-24201). Eftir fyrstu útgáfu skýrslunnar var gerð breyting á námusvæðum við Vatnsdalsveg og var því aftur farið á vettvang í mars 2025. Í þeirri úttekt fundust tvær fornleifar á tveimur minjastöðum. Fjallað erum niðurstöður skráningarinnar í viðauka III en skýrslan er að öðru leyti óbreytt.

[4] Ef um friðlýstar fornleifar er að ræða er helgunarsvæði stærra, eða 100 m. Engar friðlýstar minjar voru innan úttektarsvæðisins.



Staðsetning námusvæða tengdum Svínvetningabraut við Blönduós, á Ásum og í Blöndudal. Loftmynd er frá Loftmyndum ehf. Á innfeldu korti er staðsetning úttektarsvæðanna sýnd á Íslandskorti.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, […] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].„ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
>
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna


> völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (SÞ, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við einingarnúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001_01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund,


hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um…„ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir séu þær fyrir hendi en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Allir minjastaðir innan úttektarsvæðis töldust í stórhættu vegna framkvæmda. Á það jafnt við minjar sem enn sjást á yfirborði og þær sem aðeins heimildir eru um þar sem líkur eru taldar á því að þær séu enn að hluta til varðveittar undir sverði.



Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.

Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

IV. Fornleifaskrá

IV.I Vatnsdalsvegur

HV-173 Sveinsstaðir

1713: 40 hdr. Konungseign, áður Þingeyrarklausturseign. JÁM VIII, 253.

Bænhús var á jörðinni. sbr. DI V, 354.

Bjarnvarður biskup hinn saxlenski var á Íslandi í um 20 ár (1047/1048-1067). "Hann hafði tvá bústaði í Vatsdal, at Giljá ok Steinsstöðum," segir í Hungurvöku. Steinsstaðir eru ekki þekktir í Vatnsdal og er talið að annað hvort sé átt við Sveinsstaði eða Steinnes HV-172. ÍF XVI, 12-13.

1446: Dómur dæmur á Sveinsstöðum „a almennilegu þingi". DI VII, 6-7.

1456: Dómur dæmdur á Sveinsstöðum „aa þingstad rettum". DI V, 135. Þing og dómar að Sveinsstöðum eru einnig nefnd víðar í DI, frá **1461-1568**. DI V, 229; DI VII, 6-7, 319, 341-342, 649-650, 705, 791; DI VIII, 125, 127-128, 428; DI XI, 678-679; DI XII, 769; DI XIII, 188, 237, 312, 382; DI XIV, 263-264, 350-351, 395, 638-639; DI XV, 59, 85.

1486: Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 354.

1522: Sveinsstaðafundur/Sveinsstaðareið. Bardagi á Sveinsstaðaþingi milli Jóns Arasonar, þá biskupsefnis, og Teits Þorleifssonar ríka, sýslumanns í Húnavatnssýslu. DI IX, 68, 149, 157-158, 349-350, 396-398, 442; DI X, 363.

1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Sbr. **1552**, DI XII, 452.

Jörðin var þingstaður. Skóli sveitarinnar í landi Sveinsstaða var byggður 1914-16. Húnaþing II, 312-313.

1713 eru Litlu Sveinsstaðir eyðihjáleiga. JÁM VIII, 254.

Sveinsstaðir áttu mánaðarbeit í Hólabakslandi fyrir engjatak sem Hólabak átti í landi Sveinsstaða. JÁM VIII, 254.

1713: „Selstöðu á jörðin austanundir Víðidalsfjalli. Torfrista, stúnga og reiðíngsrista góð […]." JÁM VIII, 253.

1840: „Landlítil og mögur, lítill heyskapur. Ekki meðaljörð eftir dýrleika." SSH, 66.

1919: Tún 6,1 ha, 3/4 slétt, garðar 204 m2 skv. Túnakorti.

„Tún aðallega norður frá bænum, en engi austur við ána, nú að nokkru ræktað. Beitiland allstórt til vesturs. Mýrlendi og ásar svo og norðurhluti Hólanna allt til Skriðuvaðs. Landið er fjölgrösugt, ræktunarskilyrði góð." Húnaþing II, 312.

HV-173:029 heimild um ristu 437073 556194

„Í dalnum sjálfum [Torfdal/Tordal] er engin torfrista, en austur af honum (dalurinn liggur austur og vestur) eru Afætur. Á því svæði og í nágrenni þeirra var góð torfrista," segir í svörum við spurningum Örnefnasafns. Ristustaðurinn er um 1,1 km suðaustan við bæ 001 og 20 m austan við Vatndalsveg 722

Afætur er mýrlendi sem er milli hálfgróinna melhóla. Sums staðar standa berir hólar upp úr sjálfri mýrinni.

Engin merki um ristu sjást lengur á svæðinu enda gróa slík ummerki yfirleitt nokkuð fljótt.


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Sveinsstaðir svör við sp, 3

HV-173:037 tóft óþekkt 437002 556246

Lítil og torfhlaðin tóft er rétt austan við Smásæti, um 1 km SSA við bæ 001 og 20 m vestan við Vatndalsveg 722.

Tóftin er á deiglendu og smáþýfðu svæði mitt á milli tveggja hálfgróinna melhóla.



Tóft 037, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er a.m.k. 5 x 4 m að stærð og snýr ANA-SVS. Mögulega hefur hún náð lengra til VSV og verið þá 14,5 x 4 m að stærð en vírgirðing sker tóftina þar og innan girðingar (vestan við hana) er svæðið kafloðið og það því ekki skýrt. Sé það rétt er tóftina skálalaga og gæti verið ummerki um fornt býli, Veggir eru torfhlaðnir, 0,5 m á hæð og allt að 1 m á breidd (suðurveggur). Ekkert op er greinilegt á tóftinni. Á loftmynd er mögulega önnur tóft um 25 m sunnan við þessa tóft. Hún sást ekki á vettvangi vegna gróðurs. Hins vegar er hún nefnd hér í framhjáhaldi til öryggis.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

HV-173:038 heimild óþekkt 436597 556548



Grjótdreif 038, horft til austurs.

Í fornleifaskrá Sveinsstaða sem Byggðasafn Skagfirðinga gerði árið 2009 segir: „Suðaustur af Litlu-Sveinsstöðum á melhól norðan við þjóðveginn eru hleðslur ein þeirra er tæplega 60m suður af suðausturhorni túngarði fornbýlisins. [...] Hleðslan er aflöng og liggur austur/vestur, 1x2m að utanmáli. Austan við hana er gróin fuglaþúfa. Hlutverk er óvíst en hleðslan virðist manngerð og minnir í útliti á heiðna gröf en ekkert verður sagt um slíkt án frekari rannsóknar. Hóllinn er nánast ógróinn fyrir utan einstaka mosaþúfu.“ Meinti kumlstaðurinn er um 590 m SSA við bæ 001 og 50 m VNV við vörðu HV-661:004_02. Staðurinn var skráður undir númeri 66 hjá Byggðasafni Skagfirðinga.

Staðurinn er ofarlega á hálfgrónum melhóli, rétt norðan við Vatnsdalsveg 722.

Engin greinileg ummerki um fornleif sjást á yfirborði og er hleðslan sem greint er frá í skýrslu Byggðasafn Skagfirðinga nú (2024) aðeins grjótdreif. Staðsetning við gamla þjóðleið bendir þó mögulega til þess að þarna sé heiðinn legstaður en ekki er hægt að segja af eða á án frekari rannsókna.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Fornleifaskráning Húnavatnshrepps Sveinsstaðir 2010, 38

HV-174 Vatnsdalshólar

1713: 30 hdr. Konungseign, áður Þingeyrarklausturseign. JÁM VIII, 254.

Jarðarinnar getið í Sturlungu, þá nefnd Hólar. Sturl II, 203.

1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Sbr. 1552, DI XII, 452.

Vatnsdalshólar áttu mánaðarbeit í Hólabakslandi fyrir engjatak sem Hólabak átti í landi Vatnsdalshóla. JÁM VIII, 255.

1713: „Selstaða undir Víðidalsfjalli […]. Torfrista og stúnga sæmileg. Reiðíngsrista engin. Silúngsveiðivon í Hólatjörn að nokkru gagni.“ JÁM VIII, 255.

1840: „Landlítil og mögur, má kallast slægnalaus.“ SSH, 66.

1919: Tún 2,6 ha, 2/3 slétt, garðar 805 m2 skv. Túnakorti.

„Heimatún er lítið og umlukt hólum, en sunnan Hólanna eru nýræktir og einnig eingjaítak norður við Vatnsdalsá orðið að túni. Beitilandið er Hólarnir, er þar mörg matarhola.“ Húnaþing II, 311.

HV-174:004 þúst útihús 436922 555620

Útihús í túnjaðri, um 200 m norðan við bæ 001, er merkt inn á túnakort frá 1919. Útihúsið er rétt vestan við Móhól, um 35 m vestan við Vatnsdalsveg 722. Á þessum stað er greinileg þúst.



Þúst 004, horft til norðurs.

Þústin er innan heimatúns sem komið er í órækt og var á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar á vettvangi sumarið 2024.

Þústin er 14 x 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,5 m hærra en umhverfið. Hún var mjög ógreinileg vegna mikils gróðurs og ekkert innra lag á henni var því skýrt.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919



Kort sem sýnir hnitsett túnakort Vatnsdalshóla HV-174 frá árinu 1919, skráðar minjar, úttektarsvæði og fyrirhugað vegstæði.

HV-174:007 *Brunnhúshóll* heimild um brunn 436974 555470

„Brunnhús, norðan og austan við íbúðarhús. Við hann var brunnur og hús yfir," segir í örnefnaskrá Brunnhúshóll er um 75 m norðaustan við bæ 001 og 30 m vestan við Vatnsdalsveg 722.

Brunnhúshóll er gróinn melhóll sem er rétt norðan við núverandi heimreið að bænum. Gamla heimatún bæjarins var rétt vestan og norðan við hólinn.

Engin ummerki sjást lengur um brunnhúsið; sennilega vegna niðurrifs.



Brunnhúshóll 007 (fyrir miðju), horft til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Vatnsdalshólar, 1

HV-174:012 heimild um kálgarð 436933 555534

Kálgarður í túnjaðri, um 125 m norðan við bæ 001 er merktur inn á túnakort frá 1919. Kálgarðurinn var um 45 m austan við Vatnsdalsveg 722.

Þar sem kálgarðurinn var er tún í órækt. Túnið var á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar sumarið 2024.

Engin ummerki um kálgarð sjást lengur og hefur hann líklega verið sléttaður út.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

HV-178 Breiðabólstaður

1713: 15 hdr. Konungseign, áður Þingeyrarklausturseign. Kirkja var á jörðinni. JÁM VIII, 257.

1847: 40 hdr. Þingeyraklaustursjörð. JJ, 232.

Kirkja var á jörðinni, sbr. DII, 478.

Jarðarinnar getið í Vatnsdælu. Þar bjó Þorfinnur, frændi Þróttólfs og Föstólfs sem bjuggu að Móbergi í Langadal. ÍF VIII, 128.

1216: Eyjólfr Kársson bjó að Bræðrabólsstað samkvæmt Íslendinga sögu. Sturl I, 262.

1318: „BreydaBolstadar kyrckia j vatzdal. Kyrckia ä Breyda Bolstad j vatzdal. ä halft heima land. oc hialand ad hafa hollti. […] Tyund. heytollur oc lysistollur af. xiij. bæium.“ DI II, 478.

[1429]: „[1] prestr ok diakn ij.” DI IV, 382.

1432: „þar fylgia xiij bæir vij bygder sex Eydæ […].“ DI IV, 513.

[1461]: 1 prestur DI V, 361.

1486: Breiðabólstaðarþingum fylgir 1 bænhús DI V, 354.

1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Sbr. 1552, DI XII, 452.

Jörðin varð þingstaður hreppsins árið 1794. LB I, 136.

1713 er þar eyðihjáleigan Háholt. JÁM VIII, 259. Olavíus einn nefnir hjáleiguna Arabíu sem fór í eyði fyrir 1707. ÓO I, 284. Einnig eru á jörðinni tóftir fornbýlisins Faxbrandsstaða sem og Litlu-Miðhúsa sem voru í byggð fram yfir aldamótin 1900. Ö-Breiðabólstaður, 2-3; Ö-Breiðabólstaður ath og viðb, 1. Í Vatnsdælu er bærinn Sleggjustaðir nefndur sem var „ofan frá Helgavatni.“ ÍF VIII, 75. Tóftir Sleggjustaða eru sagðar í landi Breiðabólsstaðar. Árbók 1932, 63; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 270. Í Húnaþingi segir þó að örnefnið Sleggustaðir hafi lengi varðveist í túni Helgavatns HV-180. Húnaþing III, 312.

1713: „Fjallland hefur jörðunni að fornu eignað verið undir Víðidalsfjalli, þar sem eru selstöður jarðarinnar, og þetta er það sama land, sem Þingeyrarklausturs sel stendur í, og áður er í þessari jarðabók eignað Þingeyrum. Hafa Þingeyrarmenn brúkað þetta síðan í tíð Guðmundur Hákonarsonar […].“ JÁM VIII, 258.

Jörðinni var skipt til helminga í tvö býli fyrir aldamótin 1900, Breiðabólstaður II notaður frá Hnjúki. Beitiland óskipt. Húnaþing II, 307.

1713: „Torfrista og reiðíngsrista tekur að spillast af sandburði árinnar. Móskurður hefur verið, brúkast ei. Rifhrís sem sagt er um Miðhús [nokkuð til eldiviðarstyrks]. Silúngsveiðivon nokkur í Kórtjörn, en í Breiðabólstaðar tjörn ekki teljandi. Engjavegur yfir máta torsóktur

fyrir foröðum, sem brúa þarf með stórerfiði og haldast valla brúr á. Bæði hjer og á Miðhúsum er landþröng mikil, og verður jörðin fyrir ágángi af misgöngum nábúapenings, sem ekki verður við sjeð.“ JÁM VIII, 258-259.

1840: „Landlítil, heyskapur lítill, útbeit lítil og létt.“ SSH, 66.

1919: Tún 5,8 ha, 1/6 slétt, garðar 187 m2, skv. Túnakorti.

„Tún er upp frá Flóðinu vestur í hálshallann, ræktunarskilyrði góð. Víðlent beitiland á hálsinum vestur til Gljúfurár, engjar í óshólmum Vatnsdalsár.“ Húnaþing II, 306.

HV-178:011 heimild um landamerki 437406 553095

„Bolaklettur, klöpp syðst á Bolaholti. Merki milli Breiðabólstaðar og Hnjúks eru í grjótvörðu á holtinu.“ segir í örnefnaskrá. Landamerkjavarðan var um 760 m suðvestan við bæ 001. Vatnsdalsvegur 722 liggur þvert í gegnum Bolaholt.



Bolaklettur 011, horft til norðurs.

Bolaholt er hálfgróið holt sem skorið er fyrir miðju af Vatnsdalsvegi. Austan og vestan við holtið eru ræktuð tún.

Engin ummerki sjást lengur um vörðu syðst á Bolaholti og hefur hún sennilega horfið vegna vegaframkvæmda þegar Vatndalsvegur var lagður.

Hættumat: á ekki við

Heimildir: Ö-Breiðabólstaður, 1

HV-179 Hnjúkur

1713: 30 hdr. Konungseign, áður Þingeyrarklausturseign. JÁM VIII, 259.

Jarðarinnar er getið í Hallfreðarsögu og segir þar að Ávaldi Ingjaldsson hafi keypt land að Hjúki. ÍF VIII, 140.

1474: Jón ábóti á Þingeyrum selur Hof í Vatnsdal með tilgreindum ítökum, þ.á.m. „manadar eingiteig i hniuks jord". DI V, 770.

1495: Finnbogi Jónsson selur jarðirnar Márstaði og Grund í Vatnsdal með tilgreindum ítökum, þ.á.m. „torfskurd j hnukxjord." DI VII, 280.

1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Sbr. 1552, DI XII, 452.

1713: „Torfstúnga lítt nýtandi, en rista til heytorfs og reiðíngs næg. Móskurður hefur brúkast en nú ekki. Rifhrís til eldiviðarstyrks og Ijádengíngar nokkurt. Silúngsveiðivon í Vatnsdalsá, iðkast lítt. Selstöðu undir Víðidalsfjalli. Engjavegur torsóktur yfir foröð og heldur landþröngt. Vatnsból er mjög af skorti í þerrum og frostum. Fjárhúsavegur hættur og erfiður á vetur." JÁM VIII, 259.

1919: Tún 5,2 ha, allt slétt, garðar 728 m2 skv. Túnakorti.

"Gamla túnið og nokkrar nýræktir eru austan vegar, en aðrar vestan hans, sumar spölkorn vestur í hálsinum. Engjar eru í óshólmum Vatnsdalsár og beitiland allvíðlent á hálsinum. Ræktunarskilyrði heima við nálega fullnýtt." Húnaþing II, 305.

HV-179:014 heimild um traðir 437951 552259


Á túnakort frá 1919 eru traðir merktar sem liggja að bæ 001 úr vestri, sunnan með bænum og til suðurs.

Á þessum stað er mishæðótt tún.

Þar sem sem traðirnar lágu er nú að stórum hluta núverandi heimreið að bænum og sjást engin ummerki um traðirnar lengur á yfirborði

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919



Kort sem sýnir hnitsett túnakort Hnjúks HV-179 frá árinu 1919, skráðar minjar, úttektarsvæði og fyrirhugað vegstæði.

HV-180 Helgavatn

1713: 30 hdr. Konungseign, áður Þingeyrarklausturseign. JÁM VIII, 260.

Jarðarinnar getið í Vatnsdælu. Þar er nefndur Þorkell silfri frá Helgavatni. ÍF VIII, 110.

1496: Vitnisburður um fund „a Bauckunum j milli flaugu og helgavatns j vatnzdal.“ DI VII, 318.

1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Sbr. 1552, DI XII, 452.

Jörðin átti engjatak í landi Hjallalands, nefnt Helgavatnsteigur. JÁM VIII, 260.

Í Vatnsdælu er bærinn Sleggjustaðir nefndur sem var „ofan frá Helgavatni.“ ÍF VIII, 75. Í Húnaþingi segir að örnefnið Sleggustaðir hafi lengi varðveist í túni Helgavatns. Húnaþing III, 312. Aðrar heimildir nefna þó tóftir Sleggjustaða í landi Breiðabólsstaðar HV-178. Árbók 1932, 63; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 270.

1713: „Torfrista og stúnga lök nærri túninu, en lengra frá. Reiðíngsrista sæmileg. Rifhrís sem á Hnjúki [til eldiviðarstyrks og Ijádengíngar nokkurt]. Silúngsveiðivon í Helgavatnstjörn og Vatnsdalsá lítil. Selstaða undir Víðidalsfjalli. […] Túninu grandar lækjarskriða úr brattlendi, og er hætt við spjöllum árlega. Engjavegur torsóktur fyrir foröðum.“ JÁM VIII, 260.

1919: Tún 4,5 ha, 3/4 slétt, garðar 430 m2, skv. Túnakorti.

„Gamalt tún er neðan vegar en nýræktir upp um hálshlíðina, ræktun er erfið. Engjar eru meðfram Vatnsdalsá, nú að mestu ábornar, en beitiland allvíðlent á hálsinum og flói í dalbotninum.“ Húnaþing II, 304.

HV-180:002 heimild um útihús 438375 551091


Útihús er merkt á túnakort frá 1919 um 60 m vestan við bæ 001 og 50 m NNV við útihús 003.

Útihúsið stóð ofarlega í gróinni lægð sem er vestan við bæinn.

Engin ummerki um útihúsið sjást lengur á yfirborði. Ungt útihús er á sama stað og líklega hefur það raskað verulega mannvistaleifum sem kunna að leynast undir sverði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919



Kort sem sýnir hnitsett túnakort Helgavatns HV-180 frá árinu 1919, skráðar minjar, úttektarsvæði og fyrirhugað vegstæði.

HV-180:003_01 heimild um útihús 438397 551050

Tvö sambyggð útihús 01, ásamt sambyggðum kálgarði 02 eru merkt á túnakort frá 1919 um 70 m suðvestan við bæ 001 og 40 m SSA við útihús 002.

Útihúsið og kálgarðurinn voru þar sem Vatnsdalsvegur 722 og núverandi heimreið að bænum mætast. Til austurs og vesturs eru ræktuð tún.

Engin ummerki um útihús sjást lengur á þessum stað vegna vegagerðar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

HV-180:003_02 heimild um kálgarð 438402 551041

Kálgarður 02 var fast SSA við útihús 01. Engin ummerki sjást lengur um kálgarð 02 á yfirborði vegna vegagerðar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

HV-180:004 *Lambhús* heimild um lambhús 438428 550986

Útihús með sambyggðu gerði er merkt á túnakort frá 1919 um 120 m sunnan við bæ 001 og 60 m SSA við útihús 003. Í örnefnaskrá segir: „Húslækur. Kemur ofan úr brúnum og rennur fram sunnan við syðstu húsin í túninu (Lambhús).“ Vísar það sennilega í útihúsið sem merkt er á túnakortinu.



Útihús þar sem lambhús 004 stóð áður, horft til vesturs.

Lambhúsið er á óræktuðum bletti mitt á mill ræktaðs túns og Vatnsdalsvegar 722. Svæðið hallar smávægilega til austurs.


Engin ummerki um fornleif sjást lengur á yfirborði en á sama stað er fjárhús. Það hefur steypta hlöðu og fjárhús sem er að hluta til hlaðið úr torfi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Helgavatn, 2

HV-180:008 tóft stekkur 438589 550517

„Stekkjargrund. Grund fram af Stekkjargili. Næsta grund fyrir norðan Stórugrund. [...] Stekkjargil. Upp af Stekkjargrund, í hvammi þar eru rústir af stekk," segir í örnefnaskrá. Stekkjartóft er um 600 m suður af bæ 001 og um 25 m vestan við Vatnsdalsveg.



Stekkur 008, horft til ASA á ljósmynd.

Stekkurinn er í grasi gróinni brekku við Stekkjargil. Stekkjargilslækur rennur um gilið og um 2-5 m sunnan við tóftina. Svæðið er grasi gróið, grænast umhverfis lækinn en mólendara fjær.

Stekkurinn er alls um 19 x 16 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Stekkjartóftin er tvískipt og er stærra hólfið í norðausturhluta. Hólfið er um 4,5 x 4 m að innanmáli (norðvestur-suðaustur) og er inngangur í hólfið við austurhorn. Hæð veggja að innanverðu er um 60-80 cm. Minna hólfið er suðvestar, um 3 x 1,5 m að innanmáli (norðvestur-suðaustur) og er enginn inngangur greinilegur í hólfið. Hæð veggja að innanverðu í hólfinu er um 30-50 cm, hæst vestast. Að utanverðu er hæð veggja mest um 1 m að suðvestanverðu en minnst um 10 cm að norðvestanverðu við brekkuna. Tóftin er grasi gróin og sést hvergi í grjót. Út frá norðausturhlið tóftarinnar gengur garðlag um 5 m til ANA. Annað garðlag gengur út frá suðausturhlið við innganginn, um 6,5 m til suðausturs. Garðlögin eru töluvert gengin í þúfur, meira en tóftin sjálf og eru um 20-30 cm á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Helgavatn, 1, 2

HV-180:012 heimild um leið 438402 551080

Leið til vesturs frá bæ 001 er merkt á túnakort frá 1919.

Þar sem leiðin lá er nú (2024) hálfgróinn malarslóði að útihúsi sem stendur í grasi vaxinni brekku fast austan Vatnsdalsvegar.

Ekki sjást merki um eldri leið.

Hættumat: á ekki við

Heimildir: Túnakort 1919

HV-190 Flaga

1706: 20 hdr. Konungseign, áður Þingeyrarklausturseign. JÁM VIII, 273.

[1300]: Karl hinn auðgi gefur Hvammi í Vatnsdal jörðina Flögu í kristfé fyrir 30 hdr. DI II, 330.

1318: Jörðin er eign Hvammskirkju. DI II, 476.

1496: Vitnisburður um fund „a Bauckunum j milli flaugu og helgavatns j vatnzdal.“ DI VII, 318.

1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314-315. Sbr. 1552, DI XII, 452.

Jörðin átti engjatak í Hvammsengi. JÁM VIII, 274.

1706: „Torfrista og stúnga og reiðíngsrista er næg og góð […]. Hrísrif brúkast enn til kolgjörðar og eldiviðarstyrks, en þver mjög. Silúngsveiðivon í Vatnsdalsá, brúkast nær ekki. Túninu grandar lækjarskriða úr brattlendi. Enginu spillir Vatnsdalsá og kvartar ábúandi þar um stórlega, sjerdeilis í næstu 2 ár. Ekki er óhætt kvikfje fyrir foröðum.“ JÁM VIII, 274.

1918: Tún 5,7 ha, 5/6 slétt, garðar 678 m2, skv. Túnakorti.


„Undirlendi allmikið en mjög votlent. Árbakkar þurrir og sléttir. […] Í vorflóðum er stundum svo til allt láglendi dalsins norðan Hofsmela undir vatni […].“ Húnaþing III, 352.

HV-190:001_01 *Flaga* bæjarhóll bústaður 439414 548235



Bæjarhóll 001_01, horft til vesturs.

Bærinn á Flögu stendur um 50 m vestan við Vatnsdalsveg. Á bæjarhól 01 stendur íbúðarhús 02, byggt 1910, en á túnakorti frá 1918 er einnig merktur kálgarður 03 fast sunnan við íbúðarhúsið. Eldra hús, sem byggt var af Árna Erlendssyni (1833-1894) samkvæmt Húsakönnun í Húnavatnshreppi brann árið 1909. Lýsing á húsinu og brunanum er í Þjóðólfi sama ár: „Þriðjudagsnóttina 8. þ. m. [júní], kl. rúml. 3, varð bruni mikill á Flögu í Vatnsdal. Vöknuðu þeir fyrstu við eldbrestina og reykinn, sem orðinn var þá óþolandi í sumum svefnherbergjum uppi á loptinu, þar eð norðurendi loptsins, sem hafður var til að geyma í kornmat o. fl., stóð þá í björtu báli og eldurinn kominn í skilrúmin til næstu svefnhúsa. [...] Engin tilraun var gerð til að slökkva í íveruhúsinu, sem var óhugsandi að væri hægt, en bjargað varð mestu af neðra



Kort sem sýnir hnitsett túnakort Flögu HV-190 frá árinu 1918, skráðar minjar, úttektarsvæði og fyrirhugað vegstæði.

gólfi og úr kjallaranum af fólki því, er fyrir var, enda var og stutt til þess, er næg mannhjálp kom frá næstu bæjum, og þar af leiðandi var hægt að slökkva í útihúsi skammt frá, sem í var kviknað, og sömuleiðis rífa niður timburskúr, er stóð upp við íveruhúsið, áður en hann brann mikið. Um 3/4 klst. eptir að fólkið vaknaði, hafði loginn læst sig um allt húsið og algerlega var það fallið eftir hálfa aðra kl.st. Húsið var úr timbri, nema torfstafn fyrir norðri og torfþak á norðurenda þess. Hafði vindstaða daginn áður verið af suðri, og þykja það líklegastar orsakir til eldsins, að þá hafi fokið eldsneisti upp úr ofnpípu og slegið niður í þakið, án þess þó að valda reyk áður háttað var."

Umhverfis bæinn er sléttað tún, ýmsum tegundum af trjám hefur verið plantað austan og sunnan við bæinn.

Bæjarhóllinn er um 56 x 42 m að stærð og snýr austur-vestur. Hóllinn er skýrastur austantil og er hæð þar mest um 1,5 m en víðast er hæð hólsins undir 60 cm. Ekki er ljóst hvar á bæjarhólnum eldra bæjarhús stóð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918

HV-190:001_02 hús bústaður 439401 548241



Íbúðarhús 001_02, horft til NNV.

Íbúðarhús 02 stendur vestarlega á bæjarhól 01. Í fasteignamati frá 1916 er húsinu lýst: „Íbúðarhús úr steinsteypu með kjallara, einlyft með járnþak; 12 x 18 ál. Áfast við húsið er steyptur geymsluskúr með járnþaki; 12 x 6 ál. Auk þessa salerni úr timbri." Húsið er alls um 18 x 17 m að stærð og snýr norður-suður. Það er bárujárnsklætt að utan og vel við haldið. Það var reist árið 1910 eftir bruna eldri bæjar árið áður og hefur verið talið fyrsta steinsteypuhúsið í Húnavatnssýslu samkvæmt grein í Óðni 1920. Ítarleg lýsing er á húsinu í Húsakönnun í Húnavatnshreppi frá 2019.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fasteignaskrá; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; A-Húnavatnssýsla, 31; Óðinn 1920 7-12 tbl., 84; Húsakönnun í Húnavatnshreppi, 119-122

HV-190:001_03 heimild um kálgarð 439402 548230

Kálgarður 03 var fast sunnan við íbúðarhús 02. Þar er nú slétt grasflöt með trjám umhverfis og sjást engin merki um kálgarðinn á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918

HV-190:012 *Engjabrúin* vegur brú 439442 548247

„Engjabrúin niður frá bænum, aðskilur suður- og norðurengjarnar," segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá 1918 er vegur merktur til norðausturs frá bæ 001.

Umhverfis bæinn er sléttað tún en ýmsum tegundum af trjám hefur verið plantað austan og sunnan við bæinn. Vatnsdalsvegur liggur norður-suður austan við bæinn, skurður er meðfram veginum vestantil og vírgirðing meðfram skurðinum. Rafmagnskassi er fast norðan vegarins, vestan við skurðinn. Út frá Vatnsdalsvegi liggur malarvegur til norðvesturs yfir mýrlendi að túnstykkjum meðfram ánni og liggur sá vegur á sömu slóðum og gamla leiðin.



Engjabrúin 012, horft til NNA.

Óljóst markar fyrir grasi grónum upphlöðnum vegi til norðvesturs út frá bæjarhól 001_01. Mjög grösugt er á svæðinu en gróður er snöggvaxnari á veginum en umhverfis. Vegurinn er um 4 m á breidd og 10 cm á hæð. Girðing þverar veginn en handan hennar heldur vegurinn áfram yfir skurðinn og eru hleðslur þar um 1,1-1,2 m á hæð, en líklegt er að þar sé um yngri útfærslu af veginum að ræða, sem gerð hefur verið eftir að skurður var grafinn meðfram núverandi Vatnsdalsvegi. Alls sést vegurinn á um 18 m löngum kafla vestan Vatnsdalsvegar en austan hans tekur við núverandi malarvegur.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Flaga, 1

HV-190:017 garðlag túngarður/áveita 439449 548351

Garðlag er um 90 m norðvestur af bæ 001. Garðlagið fylgir austurmörkum túns eins og þau eru teiknuð á túnakort frá 1918 en nær þó lengra til norðurs.

Garðlagið liggur um smáþýfða deiga mýri. Vatnsdalsvegur liggur NNV-SSA um 20 m vestan við garðlagið. Gaddavírsgirðing er meðfram veginum. Svæðið vestan garðlagsins, innan marka gamla heimatúnsins virðist hafa verið kílræst og sjást grunnir kílar með um 7 m millibili beggja vegna Vatnsdalsvegar, þó mun skýrar austanmegin þar sem svæðið hefur ekki verið sléttað í tún.



Garðlag 017, horft til NNA.

Garðlagið er torfhlaðið, mikið gengið í þúfur og víða rofið. Það er alls um 146 m á lengd og liggur NNV-SSA. Garðlagið er um 20-30 cm á hæð og 1-1,5 m á breidd. Um 25 m frá NNV-enda liggur annað garðlag til ANA. Það er svipað hinu garðlaginu, um 20-30 m á hæð og mikið gengið í þúfur, en breiðara, um 2-2,5 m. Garðlagið var ekki rekið meira en um 30 m á vettvangi en á loftmynd Loftmynda efh frá 2022 má rekja garðlagið alls um 280 m að skurði sem afmarkar austurhlið túnstykkis við Vatnsdalsá. Á loftmynd frá 1984 í safni Landmælinga Íslands sem tekin var áður en skurðurinn var grafinn virðist garðlagið mögulega ná lengra, alla leið að ánni og hefur það þá verið alls um 395 m á lengd. Garðlagið sem liggur VNV-ASA hefur líklega a.m.k. að hluta gengt hlutverki túngarðs en ekki er ólíklegt að hitt garðlagið sé áveitugarður.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918; Loftmyndir ehf, Loftmyndasjá LMÍ

HV-191 Gilsstaðir

1706: 24 hdr. Konungseign, áður Þingeyraklausturjörð. JÁM VIII, 274.

Bænhús var á jörðinni, sbr. DI V, 353.

1369: Hof í Vatnsdal er selt með tilgreindum íttökum, þ.á.m. „torfskurd j brusastada jord oc gislstada jord halfan hvort æptir þui sæm sa þarf sæm at hofi byrr.“ DI III, 251. Sbr. kaupbréf fyrir Hofi 1399 og 1474, DI V, 770; DI XII, 32; vitnisburður um torfskurðinn 1460, DI V, 211-222.

1379: Benedikt Kolbeinsson gefur Þingeyrarklaustri jörðina. DI III, 336.

1486: Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 353.

1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Sbr. 1552, DI XII, 452.

1706: „Torfrista og stúnga næg. Reiðíngsrista nýtandi heimamönnum. Móskurður til eldiviðar hefur verið, meinast vera mega en brúkast ekki. Hrísrif sem áður segir um Flögu [brúkast enn til kolgjörðar og eldiviðarstyrks, en þver mjög]. Silúngsveiðivon í Vatnsdalsá brúkast lítt. Túninu grandar grjótskriða af brattlendis lækjum. Engjunum grandar Vatnsdalsá vide Flögu. Vatnsból þrýtur um vetur en þó sjaldan og er þá meinilt.“ JÁM VIII, 275.

1918: Tún 6,2 ha, 1/2 slétt, garðar 498 m2, skv. Túnakorti.

„Beitiland er mikið og gott, og nær allt vestur að Gljúfurá. Undirlendi er mikið, en mest votlent nema árbakkarnir, sem jafngilda túni til heyskapar.“ Húnaþing III, 351.

HV-191:008 *Ingólfsleiði* heimild um legstað 439677 546758

„Ingólfsleiði, lágt sandholt fyrir sunnan Þvottalæk, á veginum. Á Ingólfur Ingimundarson að vera þar heygður,“ segir í örnefnaskrá. Í Vatnsdælu segir um leiði Ingólfs: „Ok áðr Ingólfr andaðisk, bað hann sik grafa í öðru holti en þeir váru grafnir frændr hans [...]. Þar heitir Ingólfsholt, sem hann var jarðaðr.“ Hallgrímur Jónsson prestur á Þingeyrum segir um Ingólfsleiði í Frásögum af fornaldarleifum árið 1817: „Skamt frá Gilsstödum í Undirfellssókn er Grjóthrúga, sem kallast Jngólfs-leidi, hvar undir sagt er liggi Jngólfur Þorsteinsson frá Hofi, er Vatnsdæla Saga nefndir, og skal hvör sem um Dalin fer kasta Steini á Leidid sér til Fararheilla.“ Jón Ólafson úr Grunnavík lýsir haugnum á svipaðan hátt í Antiqvariske Annaler II árið 1815: I Vatnsdal i Hunevatns Syssel, ved Vejen for vesten Vatnsdalsaae, er Ingolfs Lejde. Historierne af de Vatnsdaler og første Landbyggere melde om denne samme Ingolf: Han var en af de anseeligse Mænd i sin Tid. Denne Høj er ikke andet, end som en aflang Steenryg, og de fleste Folk, som rejse der forbi første Gang, lægge en Steen eller flere deri, efter gammel Religion, eller og den forne vedtagne Sædvane, om det Ord synes bedre at passe


sig (ɔ : at hønse), hvor der ere kun Dynger gjorte af Stene; ellers er denne Sædvane bygget paa den Grundvold, at de gamle Monumenter skulde paa slig Maade bedre vedligeholdes.“ Ingólfsleiði er við Vatnsdalsveg um 430 m suður af bæ 001 og um 280 m SSA af núverandi íbúðarhúsi.

Að mestu er grasi gróið meðfram veginum að þeim stað frátöldum þar sem malarslóði liggur út frá Vatnsdalsvegi inn í beitarhólf vestan vegarins. Lág upphækkun er í landinu á þessu svæði, um 1 m.

Páll Bjarnason, prestur á Undirfelli lét grafa í Ingólfsleiði árið 1820 og lýsir því í Frásögum af fornaldarleifum: „Eirn án allrar ordu edur reglulegrar Hledslu lauslega samannkastadur lángur Grjóthriggur á litlum sliettum Mel nálægt Bænum Gilstödum. Þessi Hriggur hefur alment verid kalladr Ingólfs-Leidi, líklega í þá Meining, ad Ingólfur Þórsteinsson Ingimundarsonar frá Hofi sem Vatnsdæla gétur um, hafi þar átt heigdur ad vera. I þennann Hrigg var í Haust í Octobri eptir fyrerskipadri Reglu grafid 6 Álna djupt á danskt mál, og vard ecki vart vid neina Nylundu; Þá svo djupt var komid, kom Vatnsbleitu For, líkust Móledju, sem klestist svo utannumm graftólinn ad þau urdu ei léngur mannbær til brukunar; Þá var rekinn Iárnkall á enda ofanní þessa For, merktist eckert ad helldur fyrir honum verda annad enn sama Bleita, var svo hætt vid þetta Þreytuverk undir Dagsetur, enn byriad var þad vel árla dags. Gjördu Menn þad mest fyri mín ord, ad vera svo léngi vid þad.“ Öll ummerki um grjótdysina eru horfin af yfirborði og er líklegt að hún hafi farið undir veg.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: FF, 470, 474; ÍF VIII,108-109; Ö-Gilsstaðir, 1; Antiqvariske Annaler II, 175



Kort sem sýnir hnitsett túnakort Gilsstaða HV-191 frá árinu 1918, skráðar minjar, úttektarsvæði og fyrirhugað vegstæði.

HV-191:011 *Stekkjarhóll* þúst stekkur 439802 546450

„Stekkjarhóll, grasi gróinn hóll rétt fyrir norðan merki Kornsár og Gilsstaða, vestanvert við veginn.“ segir í örnefnaskrá. Stekkjarhóll er fast vestan við Vatnsdalsveg, um 750 m SSA af bæ 001 og um 630 m SSA af núverandi íbúðarhúsi.

Vestan Vatnsdalsvegar er slétt beitarhólf fyrir hross. Gaddavírsgirðing er meðfram veginum og liggur hún yfir hólinn austantil.



Stekkjarhóll 011, horft til NNV.

Ekki sjást merki um stekkjartóft á hólnum. Hóllinn er líklega að mestu náttúrulegur en gæti að einhverjum hluta verið myndaður af uppsafnaðri mannvist. Hann er um 45 x 23 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hóllinn er um 2 m hár norðan- og austantil en annars undir 1 m á hæð, grasi vaxinn og sléttur.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Gilsstaðir, 1

HV-191:015 garðlag túngarður 439657 546870

Túngarður meðfram vestur- og suðvesturhlið túns er merktur á túnakort frá 1918. Leifar túngarðsins eru greinilegar meðfram stórum hluta túns. Garðurinn var skoðaður við norður- og suðurenda túns, um 320 m suður og 230 m norður af bæ 001.

Heimreið liggur til norðvesturs að núverandi íbúðarhúsi, meðfram suðvesturhlið gamla heimatúnsins. Hálfþurr lækur er sunnan við heimreiðina og eru um 2 m niður að læknum. Bithagi er sunnan lækjar en tún norðan. Við norðurmörk gamla túnsins er nokkuð deiglent en slétt. Hlíð er ofan (vestan) við túnið.

Túngarðurinn er greinilegur meðfram syðsta hluta suðvesturhliðar, vesturhlið og norðurhlið en hefur



Túngarður 015, sunnan túns, horft til norðvesturs.

verið raskað á suðvesturhlið þar sem núverandi bæjarstæði stendur í túnjaðri. Garðurinn nær alls yfir svæði sem er um 560 x 135 m að stærð og snýr NNV-SSA. Syðst sést garðlagið á um 37 m kafla út frá Vestdalsvegi til VNV, milli heimreiðar og lækjar. Garðurinn er hlaðinn úr torfi og grjóti og sést grjót vel sunnantil og eru hleðslur þar mest 3-4 umför af grjóti. Garðurinn er annars grasi gróinn, um 40-60 cm á hæð og 1,5 m á breidd. Hann fjarar smám saman út til VNV og sést ekkert grjót á vestustu metrunum. Jarðstrengsstika stendur ofan á garðinum á móts við rafmagnskassa hinu megin heimreiðar. Miðað við túnakort hefur garðurinn líklega náð lengra til ASA en farið undir núverandi Vatnsdalsveg. Nyrst er túngarðurinn mjög sokkinn, mest um 15 cm á hæð. Garðurinn liggur um 22 m til VSV en er þá rofinn af slóða á um 3,5 m kafla en sést strax aftur vestan slóðans og er þar hærri. Austan slóðans er garðlagið að mestu ógróið en verður mun grónara vestan slóðans þar sem það tekur stefnu til suðurs og liggur meðfram hlíðinni.



Túngarður 015, norðan við tún, horft til suðvesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918

HV-192 Kornsá

1706: 30 hdr. Konungseign, áður Þingeyrarklaustursjörð. JÁM VIII, 275.

Bænhús var á jörðinni, sbr. DI V, 353.

Eldra heiti á jörðinni er Kárnsá. Árbók 1923, 62.

Jarðarinnar getið í Landnámu og Vatnsdælu. Þar bjuggu Hallormur austmaður og Þórdís Ingimundardóttir en Kornsárlönd höfðu fylgt Þórdísi. Sonur þeirra var Þorgrímur Kárnsárgoði. ÍF I, 220; ÍF VIII, 110.

[14. öld?]: „Ragnilldr a […] j karnsa. ccc.“ DI I, 99 [Ritað á spássíu handrits með Tíundarlögum Íslendinga].

1486: Jarðarinnar getið í bænhúsaskrá. DI V, 353.

1525: Jörðin nefnd í eignalista Þingeyrarklausturs. DI IX, 314. Sbr. 1552, DI XII, 452.

Kuml fannst í landi jarðarinnar. KEKH 2016, 125-127.

Jörðinni hefur verið skipt í tvö býli Kornsá og Kornsá II sem er 3/10 „Fyrrum áttu jarðirnar svonefndar Kornsárkvíar, þ.e. land það er liggur milli Kornsár og Gljúfurár og náði fram og vestur í Bergárvatn. Nú liggur þetta land undir Þingeyrar.“ Húnaþing II, 350.

1706: „Torfrísta og stúnga næg. Reiðíngsrista nýtandi. Hrísrif sem áður er sagt um Gilstaði [brúkast enn til kolgjörðar og eldiviðarstyrks, en þver mjög]. Silúngsveiðivon lítil í Vatnsdalsá, ekki teljandi. Grasatekja lítil. Túninu grandar vatnsgángur, mýrar að neðan en Leirlækjar að ofan, og Þverá sem hjá bænum fellur. Enginu grandar sama Þverá.“ JÁM VIII, 276.

1918: Tún 7,8 ha, 9/10 slétt, garðar 470 m2, skv. Túnakorti.

Bærinn stendur á sléttri túngrund nokkuð neðan brekkna rétt norðan við Kornsána og dregur nafn af henni. […] Undirlendi jarðarinnar er mikið, sumt mjög votlent, en árbakkar þurrir, sléttir og grasgefnir.“ Húnaþing II, 349.



Kort sem sýnir hnitsett túnakort Kornsár HV-192 frá árinu 1918, skráðar minjar, úttektarsvæði og fyrirhugað vegstæði.

HV-192:004_01 *Kornsá* bæjarhóll bústaður 440378 545421

„Þegar Jón hreppstjóri Jónsson, sem lengi bjó hér, fluttist hingað búferlum vorið 1820, stóð bærinn [003] niðr við ána Kornsá, fyrir ofan og vestan fjósið á „gamlabæjarhlaðinu", sem nú er so kallað; enn vorið 1821 byrjaði Jón heitinn að byggja nýjan bæ [004], þar sem bærinn nú stendr, og flutti sig í hann albygðan vorið 1822," segir í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1880.



Bæjarhóll 004_01 horft til SSV.

Bæjarhúsin sem byggð voru 1822 stóðu aftar (vestar) en Sýslumannshúsið sem byggt var 1879: „Norður á Kornsá í Vatnsdal hefir nýlega fundist forndys [011]; hún fannst í hólnum fram undan bænum, á þann hátt, að Lárus sýslumaður Blöndal, sem þar býr nú, var að láta grafa þar kjallara undir timburhús sem þar á að byggja," segir í grein Sigurðar Vigfússonar um Kornsárfundinn í Þjóðólfi 1879. Á túnakorti frá 1918 er Sýslumannshúsið 02 sem stendur enn, merkt með kálgarði fast suðvestan við húsið. Um 25 m sunnan við Sýslumannshúsið eru útihús 03 með kálgarði fast suðvestan við. Gamla bæjarhúsið 04 er merkt um 5 m suðvestan við Sýslumannshúsið og annað útihús 05 um 20 m norðvestan við Sýslumannshúsið. Hús og kálgarðar 03-05 stóðu á bæjarhól 01. Í fasteignamati frá 1916 eru skemma, salerni og þurrkhjallur úr timbri nefnd meðal húsa jarðarinnar og er líklegt að útihús 03 og 05 geti verið einhver þeirra húsa.

Bæjarstæðið er um 50 m vestan Vatnsdalsvegar og er sléttað tún í rækt umhverfis bæjarhólinn. Brekka er ofan við hólinn til vesturs. Girt er umhverfis bæjarstæðið og liggur girðingin að hluta yfir bæjarhólinn. Malarborið plan er norðan við Sýslumannshúsið og liggur heimreið að planinu frá Vatnsdalsvegi.

Bæjarhóllinn er um 64 x 38 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hann er um 60-100 cm á hæð en mörk hans eru víða óskýr. Skýrastur er hóllinn sunnantil. Norðvestantil, þar sem Sýslumannshús 02 stendur og malarplan þar norðan við virðist hafa verið sléttað úr hólnum. Hóllinn er að mestu grasi gróinn.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; A-Húnavatnssýsla, 29; Þjóðólfur 15.10.1879, 106; Árbók 1881, 62

HV-192:004_02 *Sýslumannshúsið* hús bústaður 440385 545434



Sýslumannshús 004_02 horft til VSV.

Sýslumannshús 02 sem byggt var 1879 stendur fast norðvestan við jaðar bæjarhóls 01. Í fasteignamati 1916 er húsinu lýst: „Íbúðarhús úr timbri með kvisti og kjallara 12 x 18 ál, einlyft með járnþaki og pappakl. útveggjum. 38 ára.“ Húsið er alls um 12 x 8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Því er vel við haldið en húsið var gert upp á árunum 2000-2010. Ítarleg lýsing er á Sýslumannshúsinu í Húsakönnun í Húnavatnshreppi frá 2019.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; A-Húnavatnssýsla, 29; Húsakönnun í Húnavatnshreppi, 104-112

HV-192:004_03 heimild um útihús 440384 545406

Útihús og kálgarður 03 stóðu syðst á bæjarhól 01. Á ljósmynd Henry Labonne af Kornsá frá um 1890 sést lítill torfkofi sem stendur á svipuðum stað og húsið sem merkt er á túnakort. Kofinn var með timburþili og sneri stafni til ANA. Að öllum líkindum hefur verið búið að byggja við kofann eða nýtt hús reist á sama stað þegar túnakortið var gert því húsið sem þar er teiknað er svipað að grunnfleti og Sýslumannshús 02 en kofinn á ljósmyndinni er mun minni. Húsið hefur staðið þar sem nú er SSV-horn girðingar umhverfis bæjarstæðið en kálgarðurinn hefur náð suður fyrir girðinguna. Engin merki um fornleifar eru sjáanleg á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918; Facebooksíða Minjastofnunar 23.03.2020

HV-192:004_04 heimild um bústað 440371 545427

„Leifar af gömlum bæ stóðu vestan við gamla íbúðarhúsið og voru notaðar sem geymsla og jafnvel fyrir skepnur. Man ég aðeins eftir því að komið var upp leiksýningu í þessari gömlu byggingu og enginn vafi á að fólkið skemmti sér prýðilega,“ segir grein Gríms Gíslasonar um líf í Vatnsdal um 1920-1925 í Húnavöku 1999. Í fasteignamati frá 1916 er nefnd „gömul

portbygð baðstofa". Gamli bærinn stóð fram á miðja 20. öld samkvæmt Húsakönnun í Húnavatnshreppi. Tæpir 5 m voru milli gamla bæjarins 04 og Sýslumannshúss 02. Á ljósmynd Henry Labonne af Kornsá frá um 1890 sést glitta í hluta gamla bæjarins og snýr gafl til SSA. Þar sem bærinn stóð er nú sléttuð grasflöt og sjást engin merki um minjarnar á yfirborði. Á svipuðum stað og austurhluti gamla bæjarins stendur torfkofi, byggður eftir 1999 af loftmyndum í safni Loftmynda efh að dæma.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; Húnavaka 1999, 111; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; A-Húnavatnssýsla, 29; Húsakönnun í Húnavatnshreppi, 104; Loftmyndir ehf; Facebooksíða Minjastofnunar 23.03.2020

HV-192:004_05 heimild um útihús 440361 545439

Útihús 05 stóð um 20 m norðvestan við Sýslumannshúsið. Á túnakorti frá 1918 eru tvö önnur mannvirki sambyggð útihúsinu að norðvestanverðu, líklega gerði, en mögulega hefur verið gengt á milli gerðanna. Á ljósmynd Henry Labonne af Kornsá frá um 1890 sést í torfkofa með timburþili á svipuðum stað og útihús er merkt á túnakort og snýr kofinn stafni til ANA. Jafnframt virðist greinanlegur garðveggur út frá húsinu. Húsið stóð þar sem nú er NNV-horn girðingar umhverfis bæjarstæðið en gerðin hafa náð norðvestur fyrir girðinguna. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1918; Facebooksíða Minjastofnunar 23.03.2020

HV-192:005 heimild um fjós 440439 545437

Útihús er merkt á túnakort frá 1918 um 55 m austur af bæ 001, þar sem Vatnsdalsvegur liggur nú. Samkvæmt heimildarmanni, Birgi Þóri Haraldssyni, var húsið fjós.

Sléttuð tún eru sitt hvoru megin Vatnsdalsvegar en Kornsá rennur um 60 m suðaustar. Skógarkerfill vex við veginn.

Á ljósmynd frá því eftir 1935 í safni Héraðsskjalasafns Austur-Húnavatnssýslu sjást hús á þessum stað. Húsin eru tvö, sambyggð, og snúa stöfnum til norðurs. Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hafa húsin farið undir Vatnsdalsveg.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918; IS HAH 2015/004-A-1-BB - 0723a

HV-192:007 heimild um fjárhús 440401 545554

Útihús er merkt á túnakort frá 1918 um 120 m norður af bæ 001. Útihúsið hefur staðið rétt austan við núverandi Vatnsdalsveg, um 25 m sunnan við íbúðarhús að Kornsá 2. Samkvæmt heimildarmanni, Sigurði Þorbjörnssyni, var húsið fjárhús.

Austan Vatnsdalsvegar er sléttað tún, beitt af hestum. Girðing er meðfram veginum og vex skógarkerfill við veginn.

Grunnar ójöfnur eru í túninu við veginn en ekki markar skýrt fyrir útlínum mannvirkja og hefur verið sléttað úr minjunum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:008 heimild um hesthús 440351 545643

Fjögur sambyggð útihús eru merkt á túnakort frá 1918 í túnjaðri um 210 m norður af bæ 001. Samkvæmt heimildarmanni, Sigurði Þorbjörnssyni, voru húsin hesthús og fjárhús og stóðu þau fram til um 1960-70. Húsin voru fast austan núverandi Vatnsdalsvegar, um 80 m norðvestur af íbúðarhúsi að Kornsá 2 og rétt sunnan við slóða sem liggur að útihúsi sem er um 90 m norðan bæjarins.

Austan Vatnsdalsvegar og sunnan slóða að steinsteyptu útihúsi er sléttað tún. Girðing er meðfram veginum og er þýft næst vegi.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:009 heimild um rétt 440371 545652

Rétt er merkt á túnakort frá 1918 í túnjaðri um 210 m norður af bæ 001 og um 10 m austur af útihúsum 008. Réttin var um 35 m norðaustan núverandi Vatnsdalsvegar, um 75 m NNV af íbúðarhúsi að Kornsá 2 og um 20 m suðvestur af útihúsi sem er um 90 m norðan bæjarins.

Austan Vatnsdalsvegar og sunnan slóða að steinsteyptu útihúsi er sléttað tún. Girðing er meðfram veginum og er þýft næst vegi.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjunum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918

HV-192:010 heimild um leið 440430 545451

Leið til austurs frá Sýslumannshúsi 004_02 og að ánni Kornsá er merkt á túnakort frá 1918.

Bæjarstæðið er um 50 m vestan Vatnsdalsvegar og er sléttað tún í rækt umhverfis bæjarhólinn. Girt er umhverfis bæjarstæðið. Núverandi heimreið liggur samhliða gömlu leiðinni en um 13 m norðar. Tún er einnig við ána austan vegar. Rotþró er í túninu austan bæjar, á svipuðum stað og leiðin lá.

Þar sem leiðin lá áður er sléttað tún í rækt og markar ekki skýrt fyrir henni á yfirborði. Á loftmynd Lofmynda ehf frá 2022 markar þó óljóst fyrir leiðinni beggja vegna Vatnsdalsvegar og sést hún á um 77 m löngum kafla að ánni. Leiðin sést einnig á eldri loftmynd frá 1984 í safni LMÍ.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918; Loftmyndir ehf; Loftmyndasjá LMÍ

HV-192:011_01 heimild um legstað 440383 545435

„Norður á Kornsá í Vatnsdal hefir nýlega fundist forndys (011_01); hún fannst í hólnum fram undan bænum, á þann hátt, að Lárus sýslumaður Blöndal, sem þar býr nú, var að láta grafa þar kjallara undir timburhús [004_02] sem þar á að byggja," segir í grein Sigurðar Vigfússonar um Kornsárfundinn í Þjóðólfi 1879. Einnig fundust fleiri bein 011_02 í hrúgu um 3,5 m austan við kumlið þegar kjallarinn var grafinn. Munnmæli voru jafnframt um enn eldri beinafund á svipuðum slóðum: „[V]orið 1821 byrjaði Jón heitinn [hreppstjór Jónsson] að byggja nýjan bæ [004_04] þar sem bærinn nú stendur, og flutti sig í hann albygðan vorið 1822. Þá var gömul fjárhústótt fyrir utan og ofan þenna nýja bæ, og heyrði dóttir Jóns heitins, sem enn er á lífi hér í dalnum, þá haft í munnmælum, að þegar fjárhús [027] þetta var bygt, hefði þar átt að finnast mannsbein, hestbein, og hundsbein [011_02]," segir í skýrslu Lárusar sýslumanns í Árbók Hins Íslenzka fornleifafélags 1880. Kumlið 01 og bein 02 sem fundust 1879 voru á sama stað og Sýslumannshús 004_02. Ekki ljóst nákvæmlega hvar manna- og dýrabein 03 fundust við byggingu fjárhúss og er því ekki hægt að segja til um stærð minjasvæðisins með vissu.

Sýslumannshúsið 004_02 sem byggt var 1879 stendur um 50 m vestan Vatnsdalsvegur og er sléttað tún í rækt umhverfis bæjarhólinn. Brekka er ofan (vestan) við hólinn. Girt er umhverfis bæjarstæðið og liggur girðingin að hluta yfir bæjarhólinn. Malarborið plan er norðan við Sýslumannshúsið og liggur heimreið að planinu frá Vatnsdalsvegi.

Í Kumlum og haugfé segir um fundinn: „Við húsbyggingu 1879 fannst fornt kuml á Kornsá, í hól þar [...]. Gröf hafði verið tekin niður að föstu malarlagi, og var dýpt grafarinnar um 1,25

m, en að öðru leyti er ekki getið stærðar grafarinnar í skýrslu Lárusar Blöndals sýslumanns um fundinn. Gröfin sneri „út og suður eða þó heldur í suðaustur og norðvestur eftir legu Vatnsdals.“ Í gröfinni voru mjög fúin mannsbein. Höfuðið vissi til norðurs, og virtist líkið hafa legið á bakinu. Ofan á því var mikið af hnefastórum smásteinum, einkum efri hluta þess, og á moldinni segir sýslumaður, að svo væri að sjá sem viður hefði verið í gröfinni. [...] Í Kornsárkumlinu var mikið haugfé [...]:

1774. Járnketill, nokkur brot, hefur verið líkur Rygh 731. Talinn af finnanda stálhúfa og átti að hafa verið utan um hauskúpuna. Líklega hefur þá katlinum verið hvolft yfir andlit líkinu.

1775. Skæri úr járni, mjög í brotum, með sauðaklippulagi.

1776. Járnbrot fáein, ókennileg.

1777. Vefjarskeið úr hvalbeini, brotin í tvennt, eins og hnífur í laginu.

1778. Kambur úr beini, brot, einraða, líkur Montelius 256.

1779. Metaskál úr bronsi, lík Rygh 476.

1780. Tvær tungunælur úr bronsi, tvöfaldar, með gegnskornu skrautverki á efra borði, Jalangursstíll, að kalla alveg eins og Smykker 137.

1781. Bjalla úr bronsi, sexstrend.

1782. Steinasörvi, alls 33 tölur af ýmsum gerðum; hin merkasta er sýnd í Árbók 1937-39, myndbl. I, 5.

1783. Töng lítil úr bronsi, 3,9 sm löng.

Nál úr einhvers konar nælu, að því er Sigurður Vigfússon hélt. Hann hélt og, að nálin væri úr silfri, en nú er hún glötuð og hefur aldrei verið tölusett á safninu.

Hnífur, venjulegar blaðleifar. Kom með hinum hlutunum og mun eflaust úr kumlinu, en hefur aldrei verið tölusettur.

Ketillinn var yfir hauskúpunni, eins og fyrr er sagt, tölurnar í hálsstað og „silfurnálin„, nælurnar, metaskálin og bjallan lágu hægra megin við líkið, járnbrotin, vefjarskeiðin og kamburinn lágu öll saman, en ekki er ljóst hvar í gröfinni.

Kuml þetta er í tölu hinna fjölskrúðugri að haugfé og vitneskja um það sæmileg. [...] Sigurður Vigfússon taldi það karlmannskuml, enda hugði hann ketilinn vera stálhúfu. Beinin eru þó úr miðaldra konu, enda haugféð konu, sbr. t.d. hinar mörgu sörvistölur og vefjarskeiðina.“

Þegar unnið var að endurreisn Sýslumannshússins 004_02 upp úr 2000 var „fjarlægður grjóthlaðinn kjallari, sem var að miklu leyti hruninn, og steyptur í hans stað nýr sökkull, sem klæddur var með grjóthleðslu að utanverðu,“ samkvæmt Húsakönnun í Húnavatnshreppi. Samkvæmt grein í Morgunblaðinu um framkvæmdirnar þurfti jafnframt „að gera ýmislegt

fleira vegna þess að þarna var ekkert vatn. Við þurftum að láta bora eftir vatni, leggja rotþró og taka inn rafmagn.“ Ekki varð vart við neinar minjar þegar kjallarinn var endurgerður né þegar lagnir voru grafnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: KEKH 2016, 125-127; Þjóðólfur 15.10.1879, 106; Árbók 1881, 62; Mbl Fasteignablað 09.08.2004, 51

HV-192:011_02 heimild um legstað 440386 545436

„Hér um í 6 álna [3,5 m] fjarlægð austr frá dysinni fundust mannsbein, hestbein og hundsbein, sem auðsjáanlega vóru miklu yngri enn beinin í dysinni; af legu þessara beina virtist það og ljóst, að þau hefði verið færð þangað eða flutt, þvíað þau lágu öll í hrúgu og í graut. það eru til einhver gömul munnmæli um, að fyrir löngu hafi verið myrtr til fjár hér að Kornsá ungr maðr, sem ætlaði suðr á land, og hafði peninga meðferðis; hann hafi horfið með hesti og hundi og ekkert til hans spurzt, enn síðast gist hér að Kornsá,“ segir í skýrslu Lárusar sýslumanns í Árbók Hins Íslenzka fornleifafélags 1880. Í Kumlum og haugfé segir: „Um 3,50 m austur frá kumlinu fundust mannsbein, hrossbein, og hundsbein og litu út fyrir að vera yngri en kumlið, að því er segir í skýrslunni. Vel gæti þetta þó verið misskilningur um mannsbeinin og hafi hundur og hestur verið heygðir þarna með konunni. Þessi bein voru óskipuleg svo sem í hrúgu. Hugsanlegt er, að þetta séu leifar af öðru kumli, sem raskað hafi verið áður, enda hermir sýslumaður sögusögn, sem vel kemur heim við það [sjá 011_03].“ Miðað við lýsingu Lárusar fundust þessi bein þar sem Sýslumannshús 004_02 stendur, líkt og kuml 01. Mögulegt er að þessi bein séu þau sömu og bein 03 sem munnmæli eru að fundist hafi þegar fjárhús 027 var byggt og að þau þá hafi verið flutt á þennan stað, líklega á 18. öld. Einnig er þó mögulegt að um sé að ræða tvær mismunandi grafir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árbók 1881, 62; KEKH 2016, 126

HV-192:011_03 heimild um legstað

„Þá [1822] var gömul fjárhústótt fyrir utan og ofan þenna nýja bæ [004_04], og heyrði dóttir Jóns heitins [hreppstjóra Jónssonar], sem enn er á lífi hér í dalnum, þá haft í munnmælum, að þegar fjárhús [027] þetta var bygt, hefði þar átt að finnast mannsbein, hestbein, og hundsbein,“ segir í Árbók Hins Íslenzka fornleifafélags 1880. Ekki er ljóst hvar þetta fjárhús stóð. „Utan og ofan” við bæ 004_04 er að öllum líkindum í norðvestur, en fjarlægð frá bænum er ekki viss. Miðað við staðsetningu gamla bæjarins 004_04 og stærð þekktra kumlateiga mætti gera

ráð fyrir að kuml 03 geti hafa verið um 20-100 m frá kumli 01 sem fannst 1879. Þó hefði þá mátt búast við fleiri kumlum á milli kumla 01 og 03 þar sem algeng fjarlægð á milli grafa er um 3-5 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Árbók 1881, 62

HV-192:026 heimild um rjómabú 440540 545128

„[Á]rið 1903 eða 1904 var byggt við þessa sömu kvísl [Litlu-Kornsá] rjómabúrhús og þurfti þá á meira vatni að halda til að reka rjómabúið, en það sem myllan [025] komst af með. Farvegurinn var þá dýpkaður og garðar settir til að hafa ráð á nægu vatni fyrir rjómabúið. Hús rjómabúsins var svo byggt á eyrinni upp undir ánni. Rjómabú þetta var starfrækt í nokkur ár og gekk það ágætlega, en árið 1912 var húsið selt og rifið og vélar hússins seldar og sést nú lítið fyrir þessum mannvirkjum," segir í svörum Bjarna Jónassonar í Þjóðháttasafni. „Árið 1903 var svo byggt rjómabú við Kornsána, en það stóð ekki lengi, féll niður 1906 þegar fráfærurnar lögðust niður," segir í viðtali við Runólf Björnsson í Vísi árið 1962.

Rjómabúið stóð „suður á suður á eyrunum á merkjunum við Undirfell. Grunnur og gólf var úr steypu og sjálfsagt grjóthlað undir, en húsið sjálft úr timbri," samkvæmt handriti Jóns Torfasonar að staðháttalýsingum í Húnaþingi sem vísað er til í Húsakönnun í Húnavatnshreppi. Þar segir einnig að leifar hússins séu löngu horfnar undir þjóðveg. Nákvæmt staðsetning rjómabúsins er ekki viss en það hefur verið um 300-400 m SSA af bæ 004, þar sem Vatnsdalsvegur liggur vestan við íbúðarhús að Kornsá 1.

Svæðinu hefur töluvert verið raskað. Farvegur Litlu-Kornsár verið þurrkaður upp og er hann illgreinanlegur vestan bæjarstæðis Kornsár 1. Vatnsdalsvegur liggur NNV-SSA yfir svæðið. Austan Vatnsdalsvegar liggur ungt garðlag yfir vatnsleiðslu frá ánni Kornsá til austurs í átt að bænum. Þýft er austan vegarins, milli hans og rúllustæðis.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og eru minjar rjómabúsins horfnar undir veg.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Þ2101/-0; Vísir 19.01.1962, 4; Húsakönnun í Húnavatnshreppi, 104

HV-193 Undirfell

1706: Dýrleiki óviss „en staðurin hefur taxeraður verið í næstu jarðabók fyrir“ 25 hdr. Kirkjustaður. JÁM VIII, 276.

1847: 25 hdr. Kirkjustaður. JJ, 233.

Hannes Þorsteinsson segir Undornfell vera réttnefni. Árbók 1923, 62.

Þórir hafursþjó í Undunfelli nefndur í Landnámu. ÍF I, 224.

Nautabú sem nefnt er í Vatnsdælu er innan jarðarinnar. ÍF VIII, 72.

1318: „Kyrckia ad Vndenfelle ä allt heima land [.cccc. Snærestade* kýr. v. iij. ær. vidreki ad halfu vid huamskyrkiu. halfur hualreki ad Geytafelle. og rekar nockrer. […] Tyund heytollur oc lysistollur af. vj. Bæium. […] Hier til liggia. iiij. Bænhus. half mork af huoriu.“ DI II 477-478.

[um 1340]: „Þingeyra klaustur a nu a[llan] Giliar reka ok þingeyra sand allan til ossmela nema sua mikit sem tilheyrir Undinfellzkirkiu […].“ DI II 727-728

1344: „aa halfan hualreka at geitafelli. uidreki. iiij. bænhus half mork […].“ DI IV 11.

[1360/89]: „Kyrckia vnder vnderfelli ä allt heimaland. og Snæristadi. vidreki ad halfu vid Huams kyrkiu. halfur hualreki ad Geytafelli. vij. kyr og viij. ær. x. hundrud voru. hundrad j vidi. iij. kierolld j jordu. […] liggia [til]. iij. Bænhvs. halff morck af huoriu. og halff kyrckia j asi.“ DI III, 162.

1394: „hun ä allt heimaland og Snærisstadi. vidreka ad halfu vid huams kyrckiu ä þingeyrasandi. og halfann hualreka ad Geytafelli.“ DI III, 540-541.

[1429]: „einn prestr ok diakn”; DI IV, 382

1449: „Ás í Vatnsdal […] stendur j vndanfellz kirkiu sokn.“ DI IV, 759.

1461: Máldagi kirkjunnar DI V, 333-334

[1461]: 1 prestur DI V, 361.

1486: Undirfellsþingum fylgja 1 hálfkirkja og 3 bænhús DI V, 353.

1569: Vitnisburður um landeign Undirfellskirkju. DI XV, 276-277.

1706 eru Oddnýjarkot, Snærastaðir (Snæringsstaðir HV-194) og Hringhóll eyðihjáleigur. JÁM VIII, 277-278. Nautabú, bær Þóris Ingimundarsonar, er talinn vera í landi Undirfells. Árbók 1892, 78.

Jörðinni var skipt í tvö býli árið 1944 og nýbýlið Nautabú síðan stofnað 1949 á helmingi jarðarinnar. Báðar jarðirnar eru í eyði, Nautabú frá 1974, en eru nýttar til slægsna. Húnaþing II, 348.

Staðurinn átti „engjatak lítið en beitarland gott“ í Vatnsdalsárhólmanum Bakkaey sem

Bakkamenn nýttu. JÁM VIII, 277.

1706: „Torfrista og stúnga viðsæmandi. Reiðíngsrista valla nýtandi. Rifhrís til eldiviðar þver mjög. […] Túninu grandar skriða úr brattlendi. Engið skemmir Vatndalsá og Kornsá til stórmeina. Vatnsból þrýtur um vetur og er þá mein og skaði að sækja brynningar í Vatnsdalsá." JÁM VIII, 277.

Hjörleifur prestur sem tók við 1876 sléttaði mikið af túnum. Bjarni Jónasson: „Höfuðból og eyðibýli", 116.

1918: Tún 7,4 ha, 1/4 slétt, garðar 1080 m2, skv. Túnakorti.

HV-193:004 heimild um fjárhús 441027 544184

Þrjú sambyggð mannvirki eru merkt inn á túnakort frá 1918, um 250 m SSV af bæ 001. Frá norðvestri til suðausturs eru byggingarnar merktar hús, rétt og hesthús. Útihúsin voru um 300 m SSV af Undirfellskirkju 002 og um 30 m norðaustur af núverandi Vatnsdalsvegi. Samkvæmt heimildarmanni, Þórönnu Pálsdóttur voru fjárhús á þessum stað en þau voru lítið í notkun í minni föður hennar sem fæddur var 1925.

Útihúsin voru suðvestanundir lágum hól en þar sem húsin voru er sléttað tún, nýtt til beitar fyrir hross.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Á loftmynd frá 1984 í safni LMÍ sést röð af þremur húsum á þessum stað, en þau eru í röð suðvestur-norðaustur, öfugt við húsin sem merkt eru á túnakortið og hafa minjar eldri húsanna líklega horfið þegar þessi hús voru byggð. Húsin sem sjást á loftmyndinni hafa einnig verið rifin og allar minjar sléttaðar í tún.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918; Loftmyndasjá LMÍ

HV-193:006 heimild um útihús 440815 544474

Útihús er merkt á túnakort frá 1918, um 345 m vestur af bæ 001. Útihúsið var fast norðvestur af núverandi Vatnsdalsvegi, um 40 m suðvestur af steinsteyptum útihúsum (sjá 007). Húsið hefur staðið fast suðvestan við túngarð 007_02.

Næst Vatnsdalsvegi er hálfgróið grasi og smára. Gaddavírsgirðing er meðfram veginum og slétt grasi gróin brekka handan hennar.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hafa þau líklega horfið vegna vegagerðar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918



Kort sem sýnir hnitsett túnakort Undirfells HV-193 frá árinu 1918, skráðar minjar, úttektarsvæði og fyrirhugað vegstæði.

HV-193:007_01 *Hringhóll* heimild um bústað 440847 544504

1706: „Hefur hjer af heimalandi hjáleiga [01] verið, bygð í manna minni úr gamallri auðn á fornu gerði [02] allagötu við túnið, það hefur ýmist bygt eður óbygt verið, en hefur nú seinast 6 ár í auðn verið," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. „Nokkur eyðiból eru í eða við þann hluta Vatnsdals, er nú hefur verið rakinn. Hjá Undirfelli voru heimahjáleigur Oddnýjarkot og Hringur eða Hringhóll, sem var norðan við túnið," segir í Föðurtúni eftir Pál V.G. Kolka. „Hringhólstún frá Húsalæk og út með mel og sést þar fyrir túngarði [02], hét þar Hringhóll og var gamalt býli og upp frá Undirfellsbænum var komið í eyði 1706 [...] En svo sést ekki hvenær það hefur farið í eyði eða hætt að búa þar, og hefur svo verið byggð þar fjárhús [03] á rústum kotsins [01], og sést þar fyrir fleiri grænum tóttum." segir í örnefnaskrá. Fjárhús og tóft 03 á Hringhól eru merkt inn á túnakort frá 1918 um 320 m VNV af bæ 001 og um 40 m norðaustan við núverandi Vatnsdalsveg. Á þessum stað standa steinsteypt fjárhús, byggð um 1930 samkvæmt heimildarmanni, Sigurði Þorbjörnssyni, en áður höfðu torfbyggð útihús staðið á sama stað. Minjasvæðið, með býli 01, túngarði 02 og fjárhúsum 03 er um 100 x 95 m að stærð og snýr ANA-VSV.

Á Hringhól standa steinsteypt fjárhús, að hluta bárujárnsklædd. Brekka er niður af húsunum til suðurs og austurs og sléttað tún umhverfis. Slóði liggur frá Vatnsdalsvegi til norðausturs að húsunum.

Ekki sjást merki um bæjartóftir hjáleigunnar 01 og hafa þær að öllum líkindum horfið af yfirborði þegar steinsteyptu fjárhúsin voru byggð um 1930, ef ekki fyrr.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM VIII, 277; Ö-Undirfell, 1; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 270-71; Túnakort 1918

HV-193:007_02 heimild um túngarð 440813 544554

Túngarður 02 hefur að mestu verið sléttaður í tún og sést ekki skýrt á jörðu niðri. Á loftmyndum Loftmynda efh frá 2022 og fyrr markar þó mjög óljóst fyrir garðlagi sem afmarkar svæði um 100 x 95 m að stærð (ANA-VSV). Garðurinn er u.þ.b. hringlaga en vesturhlið virðist of röskuð til að vera greinileg á loftmynd.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Loftmyndir ehf



Túngarður 02 á loftmynd Loftmynda efh frá 2022.

HV-193:007_03 heimild um fjárhús 440845 544502

Torfbyggð fjárhús 03 stóðu á sama stað og núverandi fjárhús. Ekki sjást merki um minjarnar og hafa þau horfið um 1930 þegar steinsteyptu húsin voru byggð.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918

HV-193:033 heimild um kálgarð 440823 544461

Kálgarður er merktur á túnakort frá 1918 um 335 m vestur af bæ 001, um 5 m sunnan við útihús 006 og um 5 m vestan við kálgarð 034. Kálgarðurinn var fast norðaustan við núverandi Vatnsdalsveg, sunnan við túngarð 007_02.

Þar sem kálgarðurinn var er gróin vegöxl austan Vatnsdalsvegar. Gaddavírsgirðing er meðfram veginum.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur hann líklega horfið vegna vegagerðar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918

HV-193:034 heimild um kálgarð 440846 544460

Kálgarður er merktur á túnakort frá 1918 um 310 m vestur af bæ 001, um 5 m austan við kálgarð 034. Kálgarðurinn var um 15 m norðaustan við núverandi Vatnsdalsveg, sunnan við túngarð 007_02.

Þar sem kálgarðurinn var er slétt grasi gróin brekka niður af steinsteyptum fjárhúsum. Skurður eða lækur er neðan (suðaustan) við brekkuna.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði og hefur líklega verið sléttað úr minjunum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918

HV-193:036 heimild um leið 441000 544195

Heimreið 035 er merkt til suðaustur frá bæ 001 á túnakort frá 1918, um 90 m frá bænum greinist leiðin í tvennt og liggur önnur leið út frá henni til suðvesturs.

Þar sem leiðin lá er gróinn slóði sem liggur frá Vatnsdalsvegi að sumarbústað. Skurður liggur frá sumarbústaðnum til norðausturs í sömu stefnu og leiðin lá áður. Umhverfis eru sléttuð tún.

Ekki sjást merki um eldri leið og hefur hún líkast til verið sléttuð í tún og farið undir yngri slóða.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1918

HV-193:037 heimild um leið 440726 544703

Á Uppdrætti Íslands frá 1921 liggur gata frá leið HV-671:008 norðan við tún og til suðausturs að bæ 001.

Þar sem leiðin lá er sléttað tún í rækt.

Ekki sjást merki um leiðina á yfirborði og hafa minjarnar verið sléttaðar í tún.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Uppdráttur Íslands 43

HV-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Sveinsstaðahreppi

HV-661:003 vegur leið 437111 555865

Gata er merkt á Uppdrátt Íslands frá 1921. Hún liggur frá Skriðuvaði HV-173 til vesturs yfir Hnausakvísl, framhjá Vatnsdalshólum HV-174 og til suðurs framhjá Miðhúsum HV-177, Breiðabólsstað HV-178, Hnjúki HV-179, Helgavatni HV-180 og áfram yfir hreppamörk í Áshrepp (sjá HV-671:008). Hluti vegarins var athugaður árið 2024 vegna fyrirhugaðrar vegagerðar við Vatnsdalsveg 722; frá Sveinsstöðum og að Undirfelli; að hreppamörkum. Ummerki um leiðina voru aðeins greinileg í landi Vatndalshóla.

Í landi Vatnsdalshóla lá leiðin á grösugum svæðum milli hálfgróna melhóla.



Vegur 003, horft til norðausturs.

Innan úttektarsvæðis 2024 er leiðin sjáanleg á þremur stöðum í landi Vatnsdalshóla. Greinilegust er hún rétt norðan við Langanef og vestan við Skurðeyri. Þar sést greinilega upphlaðinn vegur á um 180 m löngum kafla og liggur norðaustur-suðvestur (aðeins 105 m langur kafli er innan úttektarsvæðis 2024). Hann er hæstur til norðausturs, 0,6 m á hæð en lækkar til suðausturs og er þar aðeins 0,3 m á hæð. Vegurinn er 4-5 m breiður og mjög gróinn. Til suðausturs hverfur leiðin undir Vatnsdalsveg 722 en óljós ummerki um hana má síðan sjá austan við Hrygg. Þar var svæðið kafloðið þegar skrásetjari var á vettvangi sumari 2024. Innan úttektarsvæðis þar sést um 25 m langur kafli af leiðinni (liggur ANA-VSV), 0,2 m á hæð og er leiðin við það að hverfa undir gróður en er þó mun greinilegri rétt utan úttektarsvæðis til ASA. Innan úttektarsvæðis verður leiðin ekki greinileg fyrr en rétt vestan við Jónshóla. Þar liggur leiðin norðvestur-suðausturs á um 60 m löngum kafla. Á þeim stað er leiðin nokkuð ógróin og allt að 3 m á breidd og um 0,2 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Uppdráttur Íslands 43

HV-661:004_01 heimild um leið 436814 556477

Gata er merkt á Uppdrátt Íslands frá 1921. Hún liggur frá ferju norðvestan við Geirastaði HV-168, til suðurs framhjá Geirastöðum, Þingeyrum HV-169, Leysingjastöðum HV-170, Steinnesi HV-172 og Sveinsstöðum HV-173 og að leið 003 norðan við Vatnsdalshóla HV-174. Leiðin var athuguð vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda við Vatnsdalsveg árið 2024 í landi Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. Við veginn eru þrjár vörður (02-04), Vörður 02 og 03 voru upphaflega skráðar af Byggðasafni Skagfirðinga árið 2008 undir númerum 67 (varða 02) og 68 (varða 003).

Í landi Sveinststaða og Vatnsdalshóla þræddi leiðin gegnum gróin skörð milli hálfgróna melhóla.

Engin ummerki um leiðina sáust á vettvangi. Í landi Vatnsdalshóla og Sveinsstaða liggur hún á svipuðum slóðum og núverandi vegur er og hafa þær vegaframkvæmdir sennileg raskað gömlu leiðinni.

Hættumat: á ekki við

Heimildir: Uppdráttur Íslands 43

HV-661:004_02 varða samgöngubót 436643 556534

Varða 02 er rétt við norðausturhluta Skjónudals, um 8 m norðvestan við vörðu 03. Varðan er 1 x 0,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er aðeins um 0,3 m á hæð og nær algjörlega hrunin; minnir meira á grjótdreif en eiginlega vörðu.



Varða 004_02, horft til austurs.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Fornleifaskráning Húnavatnshrepps Sveinsstaðir 2010, 38

HV-661:004_03 varða samgöngubót 436648 556529

Varða 03 er um 8 m suðaustan við vörðu 02. Hún er mjög gróin og er 1,5 x 1 m að stærð og snýr norður-suður. Þótt varðan sé mikið gróin sést enn í grjót. Varðan er 0,3 m á hæð og virðist betur hlaðin en varða 02.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Fornleifaskráning Húnavatnshrepps Sveinsstaðir 2010, 39



Varða 004_03, horft til VNV.

HV-661:004_04 varða samgöngubót 436990 556369

Varða 04 er um 380 m suðaustan við vörðu 03. Varðan er um 1 m á kant og 0,4 m á hæð. Hún er mikið hrunin og líkist frekar grjótdreif en vörðu. Nokkuð grjót er í kringum vörðuna sem hefur líklega tilheyrt henni áður fyrr.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Varða 004_04, horft til suðurs.

HV-671 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Áshreppi

HV-671:008 vegur leið 439500 547523

Gata er merkt inn á Uppdrátt Íslands frá 1921. Hún kemur úr Sveinsstaðahreppi (sjá HV-661:003) og liggur til suðurs framhjá Flögu HV-190, Gilsstöðum HV-191, Kornsá HV-192, Undirfelli HV-193, Snæringsstöðum HV-194, Brúsastöðum HV-195, Ási HV-196, Saurbæ HV-197, Haukagili HV-198 og að Grímstungu HV-199. Leiðin var athuguð á vettvangi frá hreppamörkum að merkjum Undirfells og Snæringsstaða. Leiðin lá að miklu leyti á sömu slóðum og núverandi Vatnsdalsvegur og er því að miklu leyti horfin undir yngri veg en gamall upphlaðinn vegur sést á einum stað í landi Gilsstaða sunnan við merki við Flögu, um 350 m norður af bæ 001.

Vatnsdalsvegur liggur milli bæja í dalnum, víða þétt upp við gömlu heimatún jarðanna. Til beggja handa eru víðast tún og bithagar. Leifar af gamla veginum sjást í grasi vöxnu stykki í landi Gilsstaða vestan núverandi vegar. Handan merkja í landi Flögu er skógrækt umhverfis sumarbústaði. Gaddavísgirðing meðfram Vatnsdalsvegi liggur yfir gamla veginn.



Vegur 008, horft til NNV.

Vegurinn liggur út frá núverandi Vatnsdalsvegi og er greinilegur á um 160 m löngum kafla. Hann er grasi gróinn, um 6 m á breidd og um 30-60 cm á hæð. Um 50 m frá þeim stað þar sem gamli vegurinn liggur út frá Vatnsdalsvegi er steypt ræsi í veginum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Uppdráttur Íslands 43, 44

IV.II Svínvetningabraut

HV-222 Kagaðarhóll

1706: 20 hdr. Holtstaðakirkjueign. Jörðin einnig nefnd Hóll. JÁM VIII, 318.

1318: Hálf jörðin eign Holtastaðkirkju. DI II, 471-472. Sbr. 1344, 1394, 1461. DI IV, 10; DI III, 546; DI V, 349.

1388: Jörðin er nefnd í ráðsmannsreikningar á Hólum í Hjaltadal um bygging á jörðum staðarins. DI III, 412.

1529: Jón Arason Hólabiskup selur Skúla Guðmundssyni jarðirnar Syðriey, Hvamm og Kúgastaði fyrir Holtastað og part í Kagaðarhóli. DI IX, 489.

1536: Eign Holtastaðakirkju. DI IX, 766; DI XI, 115; DI XII, 86. Sbr. 1567, 1569, DI XIV, 592; DI XV, 344.

1706: „Torfrista og stúnga viðsæmandi. Rifhrís til kolgjörðar og eldiviðar hjálplegt. Silúngsveiðivon í Laxárvatni hefur áður góð verið, en fer nú mjög til þurða.Túnið harðlent brennir sól og þerrir. Enginu spillir Laxá með sandi og grjóti, so það er mjög eyðilagt; er því slegið þar sem hent verður úr hagmýrum. Ekki er óhætt fyrir foröðum. Vatnsból örðugt meinlega.“ JÁM VIII, 318.

1920: Tún 6,3 ha, 9/10 slétt, garðar 258m2, skv. Túnakorti.

„Gamla túnið liggur vestan í hæðinni hallandi að Svínvetningabraut. […] Landið er fjölbreytilegt graslendi; mýrar, valllendi, lyngmóar og nokkuð grónir ásar.“ Húnaþing II, 264.

HV-222:014 *Mógrafir* náma mógrafir 447574 565954

„Nálægt afrennsli Ullarlækjar úr Bæjartjörn voru Mógrafir og við þær Þerrihóll. Þar var áður nokkurs konar móbyrgi þar sem mór var geymdur til vetrarins en það er nú hrunið en þó sést móta fyrir því,“ segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru rúmlega 400 m suðvestan við íbúðarhúsið á Kagaðarhóli og er mógrafasvæðið fast sunnan Þerrihóls og fast norðvestan Syðriáss.



Mógrafir 014, horft til VNV.

Mógrafasvæðið er mjög blautt, grasivaxið og léttþýft. Ullarlækur liggur meðfram svæðinu til vesturs.

Mógrafasvæðið er um 66 x 25 m að stærð en aðeins tvær mógrafir sem eru suðaustast á svæðinu voru skráðar. Þær eru báðar ferhyrndar, djúpar og fullar af vatni enda svæðið mjög blautt. Hin nyrðri er um 2x2 m á stærð en syrðri mógröfin um 6x7 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna efnistöku

Heimildir: Ö-Kagaðarhóll, 4

HV-259 Tindar

1706: 30 hdr. Bændaeign. Útkirkja var á jörðinni og stóð húsið fram yfir 1706. JÁM VIII, 339.

1498: Prestadómur ritaður á Tindum. DI VII, 381-383.

1564: Helga Einarsdóttir selur Einari Sigurðssyni Finnsstaði á Skagaströnd fyrir Tinda á Ásum. DI XIV, 262.

1658, 2. júlí: Árni Daðason og Elen Pétursdóttir selja Páli og Jóni Þorlákssonum Ásgeirsá fyrir Tinda ásamt öðru. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 198.

Kuml fannst í landi jarðarinnar. KEKH 2016, 129-30.

1706 eru tvær eyðihjáleigur á jörðinni, Brandskot og önnur nafnlaus. JÁM VIII, 340.

1706: „Skóg á jörðin, það er nú rifhrís orðið og þó enn brúkað bæði til kolgjörðar og eldiviðar. Rifhrís nægilegt Laxveiði og silúngsveiði bæði góð og gagnvæn, alt þar til lögmaður Lauritz Gottrup ljet þvergirða fyrir Laxá alia hjá Húnstöðum. Síðan hefur það lítt að gagni komið, og þó meiri í sumar ef að föng hefði verið. Túninu grandar mýri, sem liggur fyrir ofan. Engjunum spillir Laxá með grjótburði.“ JÁM VIII, 339-340.

1857: „Þar er útbeit góð og veðursæld.“ SSH, 93.


1920: Tún 7,2 ha 1/2 þýft, garðar 350 m2 skv. Túnakorti.

„Landið er víðlent graslendi og nær vestur að Fremri-Laxá og Svínavatni, en þar eru fornar skógarleifar, „Tindaskógar”. Ræktunarland er mikið, að mestu mýrlendi.“ Húnaþing II, 223.

HV-259:010_01 *Brandakot* bæjarstæði bústaður 448384 563741

1706: „Hjáleiga var í manna minni hjer upreist við túngarðinn og kölluð Brandskot. Bygðin varaði sex eður tíu ár eður skemur, lá so í auðn um stundir og bygðist síðan aftur um þrigga ára tíma,“ segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. „Brandsgerði heitir tóftarbrot austan í Holtinu sunnarlega. Þar sést, auk tóftarrústa, fyrir túngarði.“ segir í örnefnaskrá. „Brandskot var og túnjaðarshjáleiga á Tindum á 17. öld,“ segir í Föðurtúni eftir Pál V.G. Kolka. Brandakot er um 450 m suðvestan íbúðarhússins á Tindum og um 145 m suðvestan Svínvetningabrautar. Fremri Laxá er um 245 m til suðvesturs frá tóftinni. Minjasvæðið er tún Brandakots og er það um 67 x 46 m á stærð og snýr í VSV-ANA. Minjaheildin í túninu samanstendur af tóft bæjarins 01, túngarði 02 og túngarði 03.

Minjaheildin er á grænum grasigrónum hól norðaustarlega á léttþýfðum og lyngivöxnum ás. Ásinn er fremur aflíðandi til allra átta nema til norðausturs, þar er brattari halli. Ásinn er innan girðingar og er svæðið nýtt til að beita hestum.





Bæjartóft 010_02, horft til SSA á ljósmynd.

Tóft 01 er fjögurra hólfa, 10 x 11 m að stærð og snýr í VSV-ANA. Aðeins er augljós inngangur inn í nyrsta hólfið og er hann á ANA hlið þess. Veggir tóftarinnar eru mjög signir, um 0,4 m á hæð og sumsstaðar er enginn augljós veggur eftir. Ástæða þess getur verið ágangur hesta á svæðinu. Í tóftinni sést grjót og því hafa veggir hennar líklega verið torf- og grjóthlaðnir en ekki sést grjót í veggjunum sjálfum.

Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku

Heimildir: JÁM VIII, 340; Ö-Tindar, 3; Páll V.G. Kolka. Föðurtún, 151

HV-259:010_02 garðlag túngarður 448357 563727



Túngarður 010_02, horft til norðausturs.

Túngarður 02 er rúmlega 480 m suðvestan við íbúðarhúsið á Tindum og um 22 m VSV við tóft 01. Um 5 m vestan túngarðins er túngarður 03.

Túngarður 02 er um 44 m að lengd og snýr í SSA-NNV. Hann er skeifulaga og afmarkar svæði VSV tóftar 01. Hann er vel gróinn, hæstur um 0,6 m og rúmlega 1 m að breidd. Túngarðurinn er rofinn á nokkrum stöðum og er um 2 m breitt rof á NNV enda hans sem er líklega vegna átroðnings hesta. Túnarðurinn hefur líklega afmarkað allt tún Brandakots þó hann sjáist aðeins á vesturhlið í dag.

Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku

HV-259:010_03 garðlag túngarður 448351 563724




Túngarður 010_03, horft til NNA.

Túngarður er rúmlega 490 m suðvestan við íbúðarhúsið á Tindum og um 30 m VSV við tóft 01. Túngarður 03 er um 5 m vestan túngarðs 02.

Túngarður 03 er um 27 m að lengd, 1,5 m á breidd og snýr í SSA-NNV. Hann er um 3 m suðvestan túngarðs 02 og liggja túngarðarnir tveir samsíða. Túngarður 03 er vel gróinn og töluvert ógreinilegur. Austurhlið hans rennur nánast alveg saman við umhverfið en vesturhliðin er hæst um 0,3 m. Hann er líklega eldri en túngarður 02 og hefur að öllum líkindum náð umhverfis tún Brandakots líkt og túngarður 02 þó hann sé aðeins greinilegur á vesturhlið túnsins.

Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku




Brandakot 010. Loftmynd frá Loftmyndir efh, tekin 2022.

V. Niðurstöður og umræða


Alls voru skráðar 55 fornleifar á 39 minjastöðum á og við úttektarsvæðin. Þar af voru 51 fornleif á 37 minjastöðum innan áhrifasvæðis Vatnsdalsvegar og fjórar fornleifar á tveimur minjastöðum við námusvæði tengd Svínvetningabraut. Annar minjastaðanna sem skráður var er skammt norðan við námu 2 á Syðriás í landi Kagaðarhóls en hinn í jaðri námu 3 í landi Tinda. Engar minjar fundust innan eða nærri öðrum námusvæðum sem voru til úttektar.

Yfirborðsummerki sáust um 22 fornleifar, eða 40% af skráðum minjum. Ummerki sáust þó um allar skráðar fornleifar við námusvæði tengd Svínvetningabraut en aðeins um 35% af fornleifum við Vatnsdalsveg. Fjöldi horfinna minja skýrist að miklu leyti af túnasléttun og fyrri vegaframkvæmdum á svæðinu. Í tilviki þriggja fornleifa, landamerkjavörðu HV-178:011 og leiða HV-180:012 og HV-661:004_01, þótti ljóst að öll ummerki um minjar væru horfin, bæði á yfirborði og undir sverði. Um aðrar fornleifar sem horfnar voru af yfirborði gilti að mögulegt eða líklegt þótti að leifar þeirra gætu leynst undir sverði.



Graf 1: Ástand fornleifa innan skráningarsvæðanna

Minjarnar á rannsóknarsvæðinu eru fjölbreyttar og hægt er að skipta þeim í níu flokka til þess að draga fram helstu einkenni þeirra. Langstærsti flokkurinn er minjar í heimatúnum (24 fornleifar) og endurspeglar það hversu nærri bæjum í dalnum Vatnsdalsvegur liggur víða, en úttektarsvæðið í Vatnsdal náði inn á heimatún allra jarðanna eins og þau eru teiknuð á



Graf 2: Skipting minja í flokka eftir einkennum.

túnakort frá 1918, að Sveinsstöðum, Miðhúsum og Breiðabólsstað frátöldum. Jafnframt er þéttni minja ávallt mest í heimatúnum jarða. Einnig bætast þar minjar tengdar Brandakoti HV-259:010 við úttektarsvæði tengt Svínvetningabraut. Í þennan flokk falla útihús s.s. fjárhús, fjós og hesthús, túngarðar, réttir og brunnar.

Bústaðir og býli (7 minjar) eru sett í sérflokk til að draga þær minjar betur fram, en allir þeir bústaðir sem skráðir voru eru þó einnig innan heimatúna. Í þennan flokk falla bæjarhólar og bæjarhús á Kornsá og Flögu, en einnig var skráð hjáleigan Hringhóll HV-193:007_01 í landi Undirfells og bæjartóft Brandakots HV-259:010_01 í landi Tinda.

Fjórar fornleifar flokkuðust til legstaða. Þrjár þessara fornleifa tengjast kumlfundi á Kornsá. Þegar Sýslumannshúsið á Kornsá var byggt árið 1879 fannst ríkulegt kvenmannskuml HV-192:011_01, auk hrúgu af manna-, hest- og hundsbeinum HV-192:011_02 skammt austar.[5] Jafnframt eru heimildir um að manna-, hest- og hundsbein HV-192:011_03 hafi fundist þegar fjárhús var byggt „utan og ofan“ við gamla bæinn, líklega á 18. öld, en nákvæm staðsetning þess fundar er óþekkt.[6] Ekki er útilokað að fornleifar 011_02 og 011_03 séu í raun allt sömu beinin sem hafi þá verið endurgrafin á 18. öld, en út frá þessum heimildum má a.m.k. segja að fleiri en eitt kuml hafi að öllum líkindum verið í kumlateig á Kornsá. Sýslumannshúsið, og þar með kuml 011_01 og 011_02, eru meira en 15 m utan við úttektarsvæði Vatnsdalsvegar en voru höfð með í þessari skráningu til að vekja athygli á því

[5] KEKH 2016, 125-127; Þjóðólfur 15.10.1879, 106; Árbók 1881, 62.
[6] Árbók 1881, 62.

að þar sem mörk kumlateigsins eru ekki þekkt er vel mögulegt að fleiri kuml sé að finna á svæðinu. Fjórða fornleifin sem flokkuð var til legstaða er Ingólfsleiði HV-191:008 í landi Gilsstaða, meintur legstaður Ingólfs Þorsteinssonar sem nefndur er í Vatnsdælu. Þrátt fyrir að staðurinn sé hér flokkaður með legstöðum skal nefna að á fyrri hluta 19. aldar var grafið tæpa 4 m niður í grjótdysina sem þá var greinileg án þess að nokkur „nýlunda“ fyndist,[7] og má því telja ólíklegt að mannabein sé að finna á þessum slóðum.

Tvær fornleifar tengdust nýtingu á úthögum, og var í báðum tilvikum um stekki að ræða, HV-180:008 og HV-191:011. Tvær fornleifar, mógrafir HV-222:014 og heimild um torfristu HV-173:029, flokkuðust til nytjastaða og í flokkinn landamerki féll ein merkjavarða HV-178:011. Næst stærsti flokkur minja á úttektarsvæðinu er samgönguminjar (12 fornleifar) en í þann flokk falla leiðir, traðir, brýr og samgöngubætur (s.s. vörður). Ein fornleif fellur ekki í neinn af áðurnefndum minjaflokkum en það er rjómabú HV-192:026 sem starfrækt var í fáein ár á Kornsá í upphafi 20. aldar.

Að auki voru skráðar tvær fornleifar með óþekkt hlutverk. Í báðum tilvikum má leggja fram tilgátur um möguleg hlutverk, en einkenni fornleifanna eru þó ekki svo skýr að hægt sé að fullyrða um hlutverk þeirra án frekari rannsókna. Önnur fornleifanna, HV-173:038, var upphaflega skráð af Byggðasafni Skagfirðinga og var hún þar einnig skráð með óvíst hlutverk en þess getið að hún minnti á heiðna gröf. Hin, HV-173:037, er tóft utan heimatúns. Mikill gróður vex á svæðinu og því erfitt að áætla lag hennar með fullri vissu en tóftin virðist geta verið með sveigðum langveggjum sem gæti bent til þess að þarna væri fundinn forn bústaður.

Tafla 1: Fjöldi skráðra fornleifa eftir jörðum.

Númer jarðar	Heiti jarðar	Fjöldi skráðra fornleifa
HV-173	Sveinsstaðir	3
HV-174	Vatnsdalshólar	3
HV-177	Miðhús	0
HV-178	Breiðabólsstaður	1
HV-179	Hnjúkur	1
HV-180	Helgavatn	6
HV-190	Flaga	5
HV-191	Gilsstaðir	3

Númer jarðar	Heiti jarðar	Fjöldi skráðra fornleifa
HV-192	Kornsá	14
HV-193	Undirfell	9
HV-222	Kagaðarhóll	1
HV-259	Tindar	3
HV-661	Fornleifar á fl. en 1 jörð í Sveinsstaðahreppi	5
HV-671	Fornleifar á fl. en 1 jörð í Áshreppi	1

[7] FF II, 474.

V.I Hættumat

Hættumat var gert fyrir allar fornleifar sem skráðar voru að frátöldum þeim fornleifum þar sem ljóst þótti að allar leifar minjarnar innan úttektarsvæðis væru horfnar, bæði á yfirborði og undir sverði.

Á úttektarsvæði Vatnsdalsvegar reyndust 30 fornleifar í stórhættu vegna vegagerðar. Ef helgunarsvæði fornleifa (15 m frá ystu mörkum) náði inn á úttektarsvæðið voru þær taldar í hættu og voru slíkar fornleifar tíu talsins. Fornleifar lengra utan svæðis voru almennt ekki skráðar nema þær væru hluti af stærri minjasvæðum sem náðu inn á úttektarsvæðið, eða mögulegt þótti að gæti náð inn á úttektarsvæðið, sbr. áðurnefndan kumlateig á Kornsá. Þær átta fornleifar sem falla í þennan flokk teljast í engri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, en geta verið í hættu af öðrum orsökum.

Eftir að vettvangsvinnu lauk voru uppmælingar fornleifa sendar Vegagerðinni sem endurskoðaði í kjölfarið mörk námusvæða tengdum fyrirhuguðum framkvæmdum á Svínvetningabraut. Eftir þær breytingar er minjasvæði Brandakots HV-259:010 rúmum 20 m utan við mörk fyrirhugaðs námusvæðis í landi Tinda og mógrafir HV-222:014 tæpa 60 m utan við fyrirhugað námusvæði í landi Kagaðarhóls. Engar forleifar teljast því í hættu vegna fyrirhugaðrar efnistöku miðað við breyttar forsendur.

V.II Forsendur fyrir mati á gildi minja og tillögum að mótvægisaðgerðum

Að beiðni verkkaupa verður hér á eftir lagt mat á gildi þeirra minjastaða sem skráðir voru innan úttektarsvæðisins og einnig lagðar fram tillögur sérfræðinga Fornleifastofnunar um það hvaða mótvægisaðgerða líklegt er að grípa þurfi til vegna sömu minja.

Eitt af því sem hamlar því að leggja fullnægjandi mat á gildi minjastaða er sú staðreynd að enn hefur ekki farið fram fornleifaskráning nema á litlum hluta landsins. Því er ekki hægt að meta gildi tiltekins minjastaðar með góðum samanburði við sambærilega staði á landsvísu. Í raun er aldrei hægt að leggja afstætt eða endanlegt mat á gildi minjastaða enda er í slíku mati ætíð fólgið gildismat sem mótast að einhverju leyti af tíðaranda og áhuga þeirra sem vinna slíkt mat. Það sem gæti talist merkur minjastaður á ákveðnu svæði hefur ekki endilega mikið gildi á landsvísu og minjar sem ekki töldust merkilegar fyrir hálfri öld síðan hafa í sumum tilfellum öðlast stóraukið vægi vegna þess hversu mikið hefur horfið af ákveðnum minjum og vegna aukinnar þekkingar og yfirsýnar um minjar.

Í laganna skilningi eru allar minjar, 100 ára og eldri, friðaðar. Þeim má enginn breyta, hylja eða raska og hafa þær 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum fornleifar. Allar fornleifar hafa því eitthvert gildi enda eru þær vitnisburður um líf og starf þjóðar í landinu allt frá upphafi landnáms og fram á 20. öld. Um friðlýstar minjar gilda svo enn strangari lög og er friðhelgi þeirra t.a.m. 100 m frá ystu mörkum minja.

Minjastofnun Íslands hefur ekki gefið út leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga þegar lagt er mat á vægi fornleifa eða á hvaða mati úrskurðir um mótvægisaðgerðir hvíla. Á Fornleifastofnun Íslands eru slíkir staðlar í þróun og byggir neðangreint álit á umræddum stöðlum þar sem minjagildi fornleifa er skipt í fjóra flokka. Við mat á gildi fornleifa er hér horft til ýmissa þátta s.s. ástands og varðveislu, rannsóknarmöguleika og kynningargildis. Lagt var upp með eftirfarandi flokkun:

> **a) Mjög mikið minjagildi:** Friðlýstar fornleifar hafa stærra helgunarsvæði (100 m í stað 15 m) og verndunargildi í lögum en aðrir minjastaðir og teljast því að öllu jöfnu hafa mjög mikið gildi. Auk þeirra falla minjastaðir þar sem von er á miklum minjum eða minjum sem spanna mjög langa búsetusögu gjarnan í þennan flokk. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna bæjarhóla og heildstæðar býlisrústir. Í þennan flokk falla einnig minjar sem teljast hafa einstakt minjagildi vegna fágætis, eða út frá fagurfræðilegum eða faglegum forsendum.

b) Mikið minjagildi: Heillegar eða fremur heillegar minjar frá ýmsum skeiðum sem sem teljast hafa talsvert varðveislu- eða rannsóknargildi falla í þennan flokk. Í flokkinn falla einnig minjastaðir sem teljast hafa mjög gott kynningargildi og staðir sem geta haft mikið staðbundið minjagildi.

c) Nokkurt minjagildi: Í þennan flokk falla t.d. minjar sem eru raskaðar að hluta (en einhverra mannvistarleifa talið að vænta undir sverði) og einfaldir minjastaðir þar sem ekki er mikillar mannvistar að vænta. Dæmi um slíka staði eru vörður, mógrafir eða heystæði. Þeir teljast ekki hafa mikið rannsóknar- eða kynningargildi einir og sér.

d) Lítið minjagildi: Í þennan flokk falla minjar sem eru taldar mikið raskaðar eða jafnvel alveg horfnar og/eða ungar minjar sem eru á mörkum þess að teljast til fornleifa og njóta því ekki friðunar samkvæmt lögum.

Minjastofnun Íslands mun úrskurða um hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um til hvaða mótvægisaðgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í yfirvofandi hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í umfjölluninni hér að neðan er gerð tilraun til að setja fram hugmyndir um líklegar mótvægisaðgerðir sem gæti þurft að grípa til vegna fornleifanna. Hægt er að grípa til ýmissa mótvægisaðgerða vegna fornleifa sem teljast í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og verða hér nefndar þær helstu sem gjarnan eru gerðar kröfur um:

Merking: Í mörgum tilfellum kann að verða nauðsynlegt að merkja minjastaði innan áhrifasvæðis svo að þeir verði ekki skemmdir af vangá. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjarnar skemmist ekki við umferð vinnuvéla o.þ.h.

Vöktun: Í sumum tilfellum kann að þurfa að vakta viðkvæm svæði á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum á svæðum þar sem ekki eru greinilegar yfirborðsminjar en talið er líklegt að minjar kunni að leynast undir sverði. Slíkt vöktun væri þá að lágmarki á meðan svörður væri rofinn. Á slíkum svæðum má búast við því að fornleifar komi í ljós sem tafið gætu framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til framkvæmdum og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar (eða staðsetning þeirra ekki það vel þekkt) að það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.

Forkönnun: Rannsókn kann að þykja nauðsynleg þar sem fornleifar þurfa að víkja vegna framkvæmda. Fyrsta stig slíkra rannsókna er gjarnan s.k. forkönnun, þ.e. gerð könnunarskurða og/eða taka borkjarnasýna. Eins er í sumum tilfellum gerð krafa um kerfisbundna töku könnunarskurða

(gjarnan 10%) á svæðum þar sem miklar líkur eru taldar á minjum neðan svarðar. Minjastofnun Íslands nýtir svo gjarnan niðurstöður forkönnunar til að ákvarða hvort frekari rannsókna er þörf. Góð dæmi um slík svæði eru heimatún og tún/svæði við gömul býli og sel.

Fornleifauppgröftur: Í þeim tilfellum sem ljóst er að minjastaður muni hverfa alveg og mikilvægar minjar eru taldar undir sverði er stundum gerð krafa um heildaruppgröft þótt algengara sé að slík krafa sé ekki gerð fyrr en á grundvelli niðurstaðna forkönnunar.

Þar sem ljóst þykir að ekki verði hjá því komist að raska fornminjum, fer það mjög eftir ástandi og eðli fornleifanna hvort líklegt er talið að gerðar verði kröfur um umfangsmeiri mótvægisaðgerðir og þá í hverju þær kunni að felast. Talið er ólíklegt að mótvægisaðgerða verði krafist þar sem öll yfirborðsummerki um fornleif eru horfin og ekki er von til þess að mannvistarleifar finnist undir sverði. Getur það átt við um götur, vörður, mógrafir, kolagrafir (og aðra námustaði). Í tilfellum þar sem fyrirséð er að framkvæmdir muni raska fornleifum á borð við tóftir og garðlög er líklegt að gerð verði krafa um að gera könnunarskurði í þau til þess að ákvarða aldur og eðli fornleifanna. Ríkari rannsóknarkrafa er almennt þar sem um bústaði er að ræða eða aðrar umfangsmiklar minjar en algengt er að fyrsta krafa á slíkum stöðum kveði einnig á um könnunarskurði sem þá ákvarða hvort frekari kröfur verði gerðar. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan svæða þar sem talið er líklegt að óþekktar minjar leynist undir sverði má búast við að lögð verði til vöktun fornleifafræðings á framkvæmdatíma eða jafnvel mælst til að gerðir séu könnunarskurðir á hluta svæðis (gjarnan 10%). Á það m.a. við um svæði eins og gömul heimatún eða svæði næst gömlum býlum og seljum. Á grundvelli þeirra forsendna sem raktar eru hér að framan verður gerð grein fyrir mati á minjagildi minjastaða og tillögum að mótvægisaðgerðum fyrir minjar innan úttektarsvæðisins. Mat á gildi minjanna er byggt á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um einkenni og vægi umhverfisáhrifa.[8] Mótvægisaðgerðir taka þó mið af eðli og minjagildi fornleifanna. Rétt er að minna á að hættumat og hugmyndir að mótvægisaðgerðum byggjast á fjarlægð minja frá fyrirhuguðum framkvæmdum. Ef þungamiðja framkvæmdanna yrði færð þyrfti að endurskoða hættumat minjastaða. Þegar endanleg hönnun mannvirkja liggur fyrir er það Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um áhrif framkvæmda á fornleifar og mögulegar mótvægisaðgerðir.

8 Skipulagsstofnun 2005.

V.III Áhrif framkvæmda á fornleifar

Af 55 skráðum fornleifum voru 10 metnar með mjög mikið minjagildi, 19 með mikið minjagildi, 22 með nokkurt minjagildi og fjórar með lítið minjagildi. Við mat á minjagildi var fornleifum almennt leyft að njóta vafans. Því voru t.a.m. útihús innan heimatúna metin með mikið minjagildi þó að ekki sjáist til þeirra á yfirborði, enda er líklegt að hús hafi í mörgum tilvikum staðið á sömu slóðum í fleiri aldir. Miklar mannvistarleifar gætu því verið undir sverði, þó ummerkjum um húsin sem voru uppistandandi í upphafi 20. aldar hafi verið eytt. Þær fornleifar sem metnar voru með mjög mikið minjagildi flokkuðust flestar til bústaða. Voru það bæjarhóll Flögu HV-190:001_01 og íbúðarhús HV-190:001_02 þar reist 1910, bæjarhóll Kornsár HV-192:004_01 og Sýslumannshúsið á Kornsá HV-192:004_02 reist 1879. Einnig voru skráðar tvær hjáleigur, Brandakot HV-259:010_01 í landi Tinda, og Hringhóll HV-193:007_01 í landi Undirfells. Túngarður Hringhóls HV-193:007_02 var einnig metinn með mjög mikið minjagildi, en samkvæmd Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns var hjáleigan reist á „fornu gerði“.[9] Hinar þrjár fornleifarnar sem metnar voru með mjög mikið minjagildi voru allt legstaðir, kuml í landi Kornsár, HV-192:011_01, HV-192:011_02 og HV-192:011_03.

Þar sem engar fornleifar teljast í hættu vegna fyrirhugaðrar efnistöku eftir færslu á mörkum námusvæða tengdum Svínvetningabraut eru ekki taldar líkur á að óskað verði eftir neinum frekari mótvægisaðgerðum vegna þeirra. Yfirlit um fornleifarnar og minjagildi þeirra má sjá í töflu 2.

Tafla 2: Skráðar fornleifar við námusvæði tengd Svínvetningabraut.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Minjagildi	Líklegar mótvægis-aðgerðir
HV-222:014	Mógrafir	náma	mógrafir	sést til	engin hætta	Nokkurt	Engar
HV-259:010_01	Brandakot	bæjarstæði	bústaður	hleðslur signar	engin hætta	Mjög mikið	Engar
HV-259:010_02		garðlag	túngarður	hleðslur signar	engin hætta	Mikið	Engar
HV-259:010_03		garðlag	túngarður	hleðslur signar	engin hætta	Mikið	Engar

[9] JÁM VIII, 277.

Engar fornleifar fundust við námusvæði tengd Vatnsdalsvegi en af þeirri 51 fornleif sem skráð var á og við úttektarsvæðið við Vatnsdalsveg eru 16 sem lenda undir eða eru innan við 1 m frá fyrirhuguðu vegstæði. Að auki skarast helgunarsvæði 14 annarra fornleifa við fyrirhugað vegstæði, þ.e. þær eru innan við 15 m frá mörkum vegstæðisins. Álíka margar fornleifar, 13 talsins, voru innan úttektarsvæðis en lengra en 15 m frá mörkum fyrirhugaðs vegstæðis. Þar að auki voru sjö fornleifar skráðar sem voru utan við úttektarsvæðið en ekki lengra en 15 m, svo helgunarsvæði þeirra náði inn á úttektarsvæðið. Staðsetning einnar fornleifar er óviss.

Þegar litið er til þeirra 16 fornleifa sem lenda undir eða eru alveg upp við fyrirhugað vegstæði Vatnsdalsvegar, má sjá að yfirborðsummerki sjást aðeins í fimm tilfellum. Um er að ræða fjórar eldri leiðir auk Stekkjarhóls HV-191:011 í landi Gilsstaða. Ekki sjást þó merki um stekk á hólnum en mögulegt er að hóllinn sjálfur sé að hluta myndaður af uppsafnaðri mannvist. Af þeim fornleifum sem ekki sjást lengur á yfirborði eru tvær leiðir, tveir kálgarðar, fimm útihús af ýmsum gerðum (fjárhús, fjós, hesthús), rjómabú HV-192:026 við Kornsá og Ingólfsleiði HV-191:008 í landi Gilsstaða. Flestar þessara minja hafa að öllum líkindum horfið við fyrri vegaframkvæmdir á svæðinu en mörgum tilvikum er þó mögulegt að minjar leynist undir sverði.

Svipaða sögu er að segja um þær 14 fornleifar aðrar sem eru innan 15 m frá vegstæðinu, en aðeins sjást yfirborðsummerki um sex þeirra. Það eru bæjarhóll Flögu HV-190:001_01, þrír túngarðar, hjá Flögu HV-190:017, Gilsstöðum HV-191:015 og Hringhól HV-193:007_02 í landi Undifells, tóft HV-173:037 og varða HV-661:004_04, hvort tveggja í landi Sveinsstaða. Af fornleifum sem horfnar eru af yfirborði eru fjögur útihús, kálgarður, traðir, rista og landamerkjavarða, en í tilfelli vörðunnar var metið líklegast að hún væri gjöreydd.

Þar sem ekki verður komist hjá framkvæmdum á þeim stöðum sem minjar eru, eða í næsta nágrenni þeirra, er líklegt að Minjastofnun Íslands muni kveða á um mótvægisaðgerðir til að vega á móti raski. Við mat á mögulegum mótvægisaðgerðum var litið bæði almennt til fjarlægðar frá mörkum fyrirhugaðs vegstæðis og hvort jarðrask, þ.e. skeringar, væru áætlaðar nærri fornleif. Í töflu 3 má sjá yfirlit skráðra fornleifa við Vatnsdalsveg, fjarlægð frá vegstæði og skeringum, og hvaða kröfur um mótvægisaðgerðir séu líklegar.

Ekki er talið líklegt að mótvægisaðgerða verði krafist í tilfelli fornleifa utan við úttektarsvæðið og sama á við um fornleifar sem eru taldar að fullu horfnar og forleifar sem aðeins eru taldar horfnar af yfirborði, ef ekki er jarðrasks að vænta innan helgunarsvæðis þeirra. Að auki mun skráning líklega teljast fullnægjandi mótvægisaðgerð fyrir þær leiðir sem skráðar voru.

Sjö fornleifar sem ummerki sjást um á yfirborði en lenda ekki beint undir vegstæðinu voru skráðar og ætti merking þar að vera nóg til að forða þeim frá raski. Í tilfelli tveggja minja, hesthúss HV-192:008 og kálgarðs HV-193:034, sem lenda undir eða rétt við fyrirhugað vegstæði en eru horfin af yfirborði er líklegt að engra mótvægisaðgerða verði krafið þar sem skeringar eru ekki áætlaðar nærri, en þó er mögulegt að Minjastofnun geri kröfu um að svæðið verði vaktað á meðan framkvæmdum stendur. Það sama er að segja um Stekkjarhól HV-191:011. Líklegra er að vöktunar verði krafist vegna þeirra 12 fornleifa sem horfnar eru af yfirborði en jarðrask er áætlað nærri staðsetningu þeirra, þar sem mögulegt eða líklegt getur verið að minjar leynist undir yfirborði. Áætluð er skering í eina fornleif sem sjáanleg er á yfirborði, Engjabrú HV-190:012. Mögulegt er að ekki sé um mjög gamlar minjar að ræða, og er einkum líklegt að sá hluti sem skering sé áætluð í hafi verið byggður upp á seinni tímum. Að lágmarki er þó líklegt að vöktunar verði krafist á svæðinu og að snið verði mælt upp og teiknað.

Að lokum skal nefna að þó að kuml HV-192:011_01, HV-192:011_02 og HV-192:011_03 á Kornsá séu utan úttektarsvæðis og ekki sé talið líklegt að beinna mótvægisaðgerða verði krafist vegna þeirra eru mörk kumlateigsins ekki þekkt og hugsanlegt að fleiri kuml leynist á svæðinu. Því er mögulegt að Minjastofnun krefjist þess að skeringar nærri Kornsá verði vaktaðar, þó þær séu utan helgunarsvæða þekktra fornleifa.

Hafa ber einnig í huga að áður óþekktar minjar kunna að koma í ljós við jarðrask og skal þá hafa samband við Minjastofnun Íslands og gera viðvart um fundinn. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.

Tafla 3: Skráðar fornleifar á og við úttektarsvæði við Vatnsdalsveg og líklegar kröfur um mótvægisaðgerðir.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Minjagildi	Fjarlægð frá vegstæði (m)	Fjarlægð frá skeringu (m)	Líklegar mótvægis-aðgerðir
HV-661:004_01		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	á ekki við	lítið	0	0	Engar
HV-192:010		heimild	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	0	7	Engar
HV-193:036		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	0	0	Engar
HV-193:037		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	0	>30	Engar
HV-661:003		gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	0	>30	Engar
HV-671:008		vegur	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	0	0	Engar
HV-178:011		heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar	á ekki við	lítið	3	>30	Engar
HV-173:029		heimild	rista	ekki sést til fornleifar	stórhætta	lítið	11	>30	Engar
HV-179:014		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	14	13	Engar
HV-192:009		heimild	rétt	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	19	>30	Engar
HV-180:008		tóft	stekkur	hleðslur signar	stórhætta	mikið	20	>30	Engar
HV-174:004		þúst	útihús	sést til	hætta	mikið	22	>30	Engar
HV-180:012		heimild	leið	ekki sést til fornleifar	á ekki við	lítið	23	23	Engar
HV-174:007	Brunnhúshóll	heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar	hætta	nokkurt	23	>30	Engar
HV-173:038		heimild	óþekkt	ekki sést til fornleifar	hætta	nokkurt	25	>30	Engar
HV-174:012		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	hætta	nokkurt	26	>30	Engar
HV-193:007_03		heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	hætta	mikið	31	>30	Engar
HV-193:007_01	Hringhóll	heimild	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	mjög mikið	31	>30	Engar
HV-192:004_03		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	hætta	mikið	36	>30	Engar

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Minjagildi	Fjarlægð frá vegstæði (m)	Fjarlægð frá skeringu (m)	Líklegar mótvægis-aðgerðir
HV-192:004_01	Kornsá	bæjarhóll	bústaður	sést til	hætta	mjög mikið	37	>30	Engar
HV-192:004_02	Sýslumanns-húsið	hús	bústaður	undir þaki	engin hætta	mjög mikið	40	>30	Engar
HV-190:001_02		hús	bústaður	undir þaki	engin hætta	mjög mikið	45	>30	Engar
HV-192:011_02		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	hætta	mjög mikið	45	>30	Engar
HV-192:011_01		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	hætta	mjög mikið	47	>30	Engar
HV-190:001_03		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	hætta	nokkurt	49	>30	Engar
HV-192:004_04		heimild	bústaður	ekki sést til fornleifar	hætta	mikið	55	>30	Engar
HV-192:004_05		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	hætta	mikið	58	>30	Engar
HV-192:011_03		heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	hætta	mjög mikið	óviss[10]	óviss	Engar
HV-192:008		heimild	hesthús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	mikið	0	22	Engar/Vöktun
HV-191:011	Stekkjarhóll	þúst	stekkur	sést til	stórhætta	nokkurt	0	15	Engar/Vöktun
HV-193:034		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	1	19	Engar/Vöktun
HV-191:015		garðlag	túngarður	hleðslur signar	stórhætta	mikið	3	>30	Merking
HV-173:037		tóft	óþekkt	hleðslur signar	stórhætta	mikið	9	>30	Merking
HV-190:001_01	Flaga	bæjarhóll	bústaður	sést til	stórhætta	mjög mikið	10	10	Merking
HV-661:004_04		varða	samgöngubót	hleðslur signar	stórhætta	nokkurt	10	>30	Merking
HV-190:017		garðlag	túngarður	hleðslur signar	stórhætta	mikið	12	27	Merking
HV-661:004_03		varða	samgöngubót	hleðslur signar	hætta	nokkurt	23	>30	Merking

[10] Nákvæm staðsetning óþekkt.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Minjagildi	Fjarlægð frá vegstæði (m)	Fjarlægð frá skeringu (m)	Líklegar mótvægis-aðgerðir
HV-661:004_02		varða	samgöngubót	hleðslur signar	hætta	nokkurt	26	>30	Merking
HV-192:005		heimild	fjós	ekki sést til fornleifar	stórhætta	mikið	0	4	Vöktun
HV-192:007		heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	mikið	0	1	Vöktun
HV-193:006		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	mikið	0	8	Vöktun
HV-191:008	Ingólfsleiði	heimild	legstaður	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	0	13	Vöktun
HV-192:026		heimild	rjómabú	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	0	18	Vöktun
HV-193:033		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	0	6	Vöktun
HV-180:002		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	mikið	3	15	Vöktun
HV-193:007_02		heimild	túngarður	sést til	stórhætta	mjög mikið	3	19	Vöktun
HV-180:003_01		heimild	útihús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	mikið	6	6	Vöktun
HV-180:004	Lambhús	heimild	lambhús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	mikið	6	8	Vöktun
HV-193:004		heimild	fjárhús	ekki sést til fornleifar	stórhætta	mikið	12	15	Vöktun
HV-180:003_02		heimild	kálgarður	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	14	15	Vöktun
HV-190:012	Engjabrúin	vegur	brú	hleðslur standa grónar	stórhætta	nokkurt	0	0	Vöktun/ Forkönnun

Heimildir

Antiqvariske Annaler II: John Olafsen fra Grunnavik. 1815. „Islandske Oldtidslevninger." *Antiqvariske Annaler II*, bls. 157-192.

Árbók 1881: Sigurður Vigfússon. 1881. „Kornsár-fundrinn." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1880-1881*, bls. 57-64.

Árbók 1892: Sigurður Vigfússon. 1892. „Rannsóknarferð um Húnavatns og Skagafjarðar sýslur 1886." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1888-1892*, bls. 76-123.

Árbók 1923: Hannes Þorsteinsson. 1932. „Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi." *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1923*, 1-96.

Bjarni Jónasson. 1971. „Höfuðból og eyðibýli. Brot úr sögu Undirfells í Vatnsdal." *Húnavaka 11*, bls. 107-117.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn.* 1857-1950. I.-XV. bindi. Kaupmannahöfn & Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Facebooksíða Minjastofnunar 23.03.2020: Minjastofnun Íslands. 2020. „Fyrir og eftir. Kornsá í Vatnsdal gert upp…", 23. mars. Sótt af: https://www.facebook.com/MinjastofnunIslands/posts/-fyrir-og-eftir-kornsá-í-vatnsdal-gert-upp-eða-sýslumannshúsið-eins-og-það-kalla/3323748724319238/

Fasteignaskrá: Þjóðskrá. Fasteignir. Sótt af: https://www.skra.is/leit-i-fasteignaskra/.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*. 1983. I.-II. bindi. Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

Fornleifaskráning Húnavatnshrepps Sveinsstaðir 2010: Bryndís Zoëga, Guðmundur St. Sigurðarson og Guðný Zoëga. 2010. *Fornleifaskráning Húnavatnshrepps. Sveinsstaðir.* 2010/102. Sauðárkróki: Byggðasafn Skagfirðinga.

Húnavaka 1999: Grímur Gíslason. 1999. „Þá var margt fólk í Vatnsdal." *Húnavaka 39*, bls. 70-114.

Húnaþing: Sigurður J. Líndal & Stefán Á. Jónsson. 1975. *Húnaþing*. I.-III. bindi. Án útgáfustaðar: Búnaðarsamband Austur-Húnvetninga.

Húsakönnun í Húnavatnshreppi: Guðrún Jónsdóttir, Gunnlaugur Haraldsson & Páll J. Líndal. 2019. *Húsakönnun í Húnavatnshreppi*. Án útgáfustaðar: TGJ.

ÍF I: *Íslendingabók. Landnáma.* 1968. Íslenzk fornrit I. Jakob Benediktsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

ÍF VIII: *Vatnsdæla saga, Hallfreðar saga, Kormáks saga, Hrómundar þáttr halta, Hrafns þáttr Guðrúnarsonar.* 1939. Íslenzk fornrit VIII. Einar Ól. Sveinsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

ÍF XVI: *Biskupa sögur II*. 2002. Íslenzk fornrit XVI. Jónas Kristjánsson, ritstj. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. 1993. Gunnar F. Guðmundsson, ritstj. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JÁM VIII: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. 1926. VIII. bindi. Húnavatnssýsla

Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

JJ: J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: S. Trier.

KEKH 2016: Kristján Eldjárn. 2016. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. 3. útg. Adolf Friðriksson, ritstj. Reykjavík: Mál og menning.

LB I: Lýður Björnsson. 1972. *Saga sveitarstjórnar á Íslandi*. I. bindi. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Loftmyndasjá LMÍ: Landmælingar Íslands. 1945-2000. Loftmyndasjá. Sótt af: https://loftmyndasja.gis.is/mapview/?application=loftmyndasja.

Loftmyndir ehf: Loftmyndir ehf. 1996-2024. Tímaflakk. Sótt af: https://www.map.is/.

Mbl Fasteignablað 09.08.2004: „Landnámsjörð endurheimtir fyrri reisn.“ 2004. *Fasteignablað Morgunblaðsins*, 9. ágúst, bls. 51.

Óðinn 1920 7-12 tbl: Þorsteinn Konráðsson. 1920. „Stefán og Ingibjörg á Flögu í Vatnsdal.“ *Óðinn XVI*(7-12), bls. 84-85.

ÓO: Ólafur Olavius. 1964. *Ferðabók: landshagir í norðvestur-, norður- og norðausturs ýslum Íslands 1775-1777 : ásamt ritgerðum Ole Henckels um brennisteinsnám og Christian Zieners um surtarbrand*. I.-II. bindi. Reykjavík: Bókfellsútgáfan.

Páll V.G. Kolka. 1950. *Föðurtún*. Reykjavík: Páll V.G. Kolka.

Skipulagsstofnun. 2005. *Mat á umhverfisáhrifum. Leiðbeiningar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa.* Reykjavík: Skipulagsstofnun. Sótt af: https://www.skipulag.is/media/umhverfismat/leidbeiningar_um_flokkun_umhverfisthatta_vidmid_einkenni_og_vaegi_umhverfisahrifa.pdf.

SSH: *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenzka bókmenntafélags 1839-1873*. 1950. I. Húnavatnssýsla. Jón Eyþórsson, ritstj. Akureyri: Bókaútgáfan Norðri.

Sturl: *Sturlunga saga*. 1946. I.-II. bindi. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason & Kristján Eldjárn, ritstj. Reykjavík: Sturlungaútgáfan.

Sædís Gunnarsdóttir. 2001. *Menningarminjar í Austur-Húnavatnssýslu: Svæðisskráning*. FS148-01131. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Vísir 19.01.1962: „Hefur lifað þrjú þróunartímabil.“ 1962. *Vísir*, 19. janúar, bls. 4, 10.

Þjóðólfur 15.10.1879: Sigurður Vigfússon. 1879. „Kornsárfundurinn.“ *Þjóðólfur*, 15. október, bls. 106-107.

Óútgefnar heimildir

Fasteignamat 1916-1918 - undirmat; A-Húnavatnssýsla. Þjóðskjalasafn Íslands.

IS HAH 2015/004-A-1-BB - 0723a: Björn Bergmann. 1935-1985. *Kornsá í Vatnsdal* [Ljósmynd]. Héraðsskjalasafn Austur Húnavatnssýslu. Sótt af: https://atom.hunabyggd.is/index.php/image-10-32.

Túnakort: Uppdrættir af túnum 1919-1922. Þjóðskjalasafn Íslands.

Uppdráttur Íslands: Uppdráttur Íslands. 1921-1934. Landsbókasafn Íslands.

Þ2101/-0: Þjóðháttaskráning Þjóðminjasafn Íslands. Svör við spurningaskrá nr. A: Efni óháð spurningaskrám. Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands. Sótt af: https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=555076.

Ö-Breiðabólstaður: Örnefnaskrá Breiðabólstaðar. Án ártals. Björn Bergmann skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Flaga: Örnefnaskrá Flögu. 1938. Magnús Stefánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Gilsstaðir: Örnefnaskrá Gilsstaða. 1932. Kristján J. Blöndal skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Helgavatn: Örnefnaskrá Helgavatns. 1989. Hallgrímur Eðvarðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kagaðarhóll: Örnefnaskrá Kagaðarhóls. 2004. Þormóður Ingi Heimisson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kornsá: Örnefnaskrá Kornsár. Án ártals. Kristján J. Blöndal skráði, Daði Davíðsson skráði viðbætur. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Sveinsstaðir svör við sp: Svör við spurningum um örnefnaskrá Sveinsstaða. 1994. Magnús Ólafsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Tindar: Örnefnaskrá Tinda. Án ártals. Án skrásetjara. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Undirfell: Örnefnaskrá Undirfells. Án ártals. Daði Davíðsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Vatnsdalshólar: Örnefnaskrá Vatnsdalshóla. 1976. Ólafur Magnússon skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.


Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	X (A)	Y (N)
HV-173:029	437073	556194
HV-173:037	437002	556246
HV-173:038	436597	556548
HV-174:004	436922	555620
HV-174:007	436974	555470
HV-174:012	436933	555534
HV-178:011	437406	553095
HV-179:014	437951	552259
HV-180:002	438375	551091
HV-180:003_01	438397	551050
HV-180:003_02	438402	551041
HV-180:004	438428	550986
HV-180:008	438589	550517
HV-180:012	438402	551080
HV-190:001_01	439414	548235
HV-190:001_02	439401	548241
HV-190:001_03	439402	548230
HV-190:012	439442	548247
HV-190:017	439449	548351
HV-191:008	439677	546758
HV-191:011	439802	546450
HV-191:015	439657	546870
HV-192:004_01	440378	545421
HV-192:004_02	440385	545434
HV-192:004_03	440384	545406
HV-192:004_04	440371	545427
HV-192:004_05	440361	545439
HV-192:005	440439	545437
HV-192:007	440401	545554
HV-192:008	440351	545643
HV-192:009	440371	545652

Samtala	X (A)	Y (N)
HV-192:010	440430	545451
HV-192:011_01	440383	545435
HV-192:011_02	440386	545436
HV-192:026	440540	545128
HV-193:004	441027	544184
HV-193:006	440815	544474
HV-193:007_01	440847	544504
HV-193:007_02	440813	544554
HV-193:007_03	440845	544502
HV-193:033	440823	544461
HV-193:034	440846	544460
HV-193:036	441000	544195
HV-193:037	440726	544703
HV-222:014	447574	565954
HV-259:010_01	448384	563741
HV-259:010_02	448357	563727
HV-259:010_03	448351	563724
HV-661:003	437111	555865
HV-661:004_01	436814	556477
HV-661:004_02	436643	556534
HV-661:004_03	436648	556529
HV-661:004_04	436990	556369
HV-671:008	439500	547523

Viðauki II: Minjakort

Kort á næstu síðum eru unnin ofan á loftmyndum frá Loftmyndum ehf.



Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Uppfærð mörk námusvæða eiga við breytingar sem gerðar voru eftir vettvangsathugun, með hliðsjón af skráðum fornleifum.


Vatnsdalsvegur:
Yfirlit
Náma 1
Náma 2
Náma 3
Náma 4
0
1
2
3 km


Vatnsdalsvegur: Kort 1



HV-173:038
HV-661:004_02
HV-661:004_03
HV-661:004_01
HV-661:004_04
HV-173:037
HV-173:029
Náma 1
HV-661:003
Náma 2

0 50 100 150 200 250 m

Vatnsdalsvegur: Kort 2




HV-174:004

HV-174:012

HV-174:007

0 50 100 150 200 250 m

Vatnsdalsvegur:
Kort 3




HV-178:011

Náma 3

0 50 100 150 200 250 m


Vatnsdalsvegur:
Kort 4



HV-179:014

0 50 100 150 200 250 m

Vatnsdalsvegur: Kort 5



HV-180:002
HV-180:012
HV-180:003_01
HV-180:003_02
HV-180:004

0 50 100 150 200 250 m

Vatnsdalsvegur:
Kort 6



HV-180:008

0 50 100 150 200 250 m

Vatnsdalsvegur:
Kort 7



HV-190:017

HV-190:001_02


HV-190:012

HV-190:001_03

HV-190:001_01

0 50 100 150 200 250 m

Vatnsdalsvegur: Kort 8



HV-671:008


HV-191:015

HV-191:015

0 50 100 150 200 250 m


Vatnsdalsvegur:
Kort 9
HV-191:015
HV-191:008
HV-191:011
0
50
100
150
200
250 m

Vatnsdalsvegur:
Kort 10



HV-192:008
HV-192:009
HV-192:007
HV-192:011_01
HV-192:011_02
HV-192:010
HV-192:004_05
HV-192:005
HV-192:004_04
HV-192:004_02
HV-192:004_01
HV-192:004_03
HV-192:026
Náma 4

0 50 100 150 200 250 m

Vatnsdalsvegur: Kort 11



HV-193:037

HV-193:007_02

HV-193:007_03

HV-193:007_01

HV-193:006


HV-193:034

HV-193:033


HV-193:036

HV-193:004

0 50 100 150 200 250 m


Svínvetningabraut:
Yfirlit um námur
Náma 1
Náma 2
Náma 3
Náma 4
Náma 5
0 1 2 3 4 5 km

Svínvetningabraut:
Náma 1



Svínvetningabraut: Náma 2



Svínvetningabraut:
Náma 3



Svínvetningabraut:
Náma 4



Svínvetningabraut: Náma 5



Viðauki III: Minnisblað um fornleifaskráningu á námusvæðum tengdum fyrirhuguðum endurbótum á Vatnsdalsvegi

Að beiðni Vegagerðarinnar sá Fornleifastofnun Íslands um fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra endurbóta og breikkunar á Vatnsdalsvegi árið 2024. Úttektarsvæði var meðfram Vatnsdalsvegi auk þess sem tekin voru út fjögur námusvæði í Vatnsdal. Eftir að vettvangsvinnu lauk var ákveðið að stækka tvö námusvæði auk þess sem tvö ný bættust við og fór Vegagerðin því þess á leit við stofnunina í byrjun árs 2025 að umræddar viðbætur yrðu einnig rannsakaðar. Ný úttektarsvæði voru sem segir:

- Náma 3: Hnjúksnáma í landi Hnjúks, stækkun um 6,10 ha frá fyrri athugun.
- Náma 4: Nautabúsnáma í landi Nautabús, stækkun um 0,55 ha frá fyrri athugun.
- Náma 5: Náma í landi Hnjúks, 0,55 ha.
- Náma 6: Brekkukotsnáma, 2,20 ha.

Vettvangsathugun fór fram í mars 2025. Gengið var skipulega um úttektarsvæðin, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Skráðar voru allar minjar innan úttektarsvæðanna en einnig voru þeir minjastaðir skráðir sem voru innan við 15 m frá jaðri úttektarsvæðaþar sem helgunarsvæði fornminja er 15 m út frá ystu mörkum þeirra. Engar minjar fundust innan náma 3 og 4, en ein var skráð í námu 5 og ein í námu 6.

Náma 5 er í heimatúni Hnjúks skammt norðan við bæ, þar sem landeigandi stefnir að því að stækka plan við fjós sitt. Á því svæði, við suðurjaðar námunnar, var skráð heimild um garð, Steinagarð HV-179:015, sem nefndur er í örnefnaskrá jarðarinnar.[1] Þar sem garðurinn lá er þegar rutt malarplan og er líklegt að öll ummerki um garðinn séu horfin, bæði ofan jarðar og neðan. Ekki eru aðrar fornleifar þekktar innan námu 5, en þó ber að nefna að heimatún jarða eru þau svæði þar sem minjaþéttni er jafnan lang mest. Því eru tiltölulega miklar líkur á að áður óþekktar fornleifar finnist innan heimatúna, þó ummerki séu horfin af yfirborði.

Efnistaka er þegar á stórum hluta þess svæðis sem tekið var út í námu 6, Brekkukotsnámu, en leifar grjóthleðslu, mögulega illa farið garðlag HV-188:006, fannst um 9 m suðvestan við brún núverandi námu og telst það í stórhættu vegna fyrirhugaðrar efnistöku. Mannvirkisins er ekki getið í heimildum svo vitað sé og landeigendur þekktu ekki uppruna þess. Ekkert er því vitað um aldur þess eða hlutverk og í raun ekki fullvíst að teljist til fornleifa í lagalegum skilningi, t.d.hugsanlegt að mannvirkið sé hleðsla undir girðingu.

[1] Ö-Hnjúkur, 3.

Hafa ber einnig í huga að áður óþekktar minjar kunna að koma í ljós við framkvæmdir, hvort sem er á námusvæðum eða við vegstæði Vatnsdalsvegar, og skal þá hafa samband við Minjastofnun Íslands og gera viðvart um fundinn. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.

Fornleifaskrá

HV-179:015 *Steingarður* heimild óþekkt 437999 552371

„Steingarður er grjótgarður norðan við fjárhús," segir í örnefnaskrá. Um 120 m norður af núverandi íbúðarhúsi og rúmum 40 m norðan við fjárhús er stórt malarplan, þar hefur Steingarður legið en engin ummerki sjást um garðinn.

Búið er að ryðja stórt svæði norðan við fjárhúsin og er malarplan þar í dag (2025).

Ekki sjást ummerki um Steingarðinn og hefur hann að öllum líkindum horfið vegna framkvæmda á svæðinu.

Hættumat: á ekki við

Heimildir: Ö-Hnjúkur, 3

HV-188:006 garðlag óþekkt 438230 560153

Garðlag er rúmum 500 m suður af bæ 001 og tæpum 300 m frá þjóðvegi 1.

Náma er til vesturs og er þar urð og grjót. Náman er um 4 m að dýpt og frá garðlaginu liggur aflíðandi brekka niður í námuna. Austan við garðlagið er þýfð mýri og bæði til austurs og vesturs eru ræktuð tún.

Garðlagið er grjóthlaðið og liggur suðvestur-norðaustur, það er raskað og víða rofið. Það er um 90 m á lengd, 80 cm á breidd og 10 cm á hæð. Raskið er að öllum líkindum nýlegt en á loftmynd frá 2022 má sjá að garðlagið hefur legið þvert yfir túnið og líklega hefur verið girðing á þessum stað. Heimildarmaður, Magdalena M. Einarsdóttir, kannast ekki við garðlagið en taldi að um væri að ræða upphlaðna undirstöðu fyrir grindverk.




Garðlag 006, horft til norðausturs.

Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku

Heimildir

Kristjana Vilhjálmsdóttir (ritstjóri). 2025. Fornleifaskráning vegna endurbóta á Vatnsdalsvegi og Svínvetningabraut. FS1009-24201. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ö-Hnjúkur: Örnefnaskrá Hnjúks. 2024. Þormóður Ingi Heimisson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.



Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar m.t.t. til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll kort hér á eftir.


Vatnsdalsvegur:
Yfirlit
Náma 6
Náma 5
Náma 3
Náma 4
0
1
2
3 km


Vatnsdalsvegur:
Náma 5
HV-179:015
0
10
20
30
40
50 m


Vatnsdalsvegur:
Náma 6
HV-188:006
0
20
40
60
80
100 m